

Fjárhagsáætlun  
Ísafjarðarbæjar  
**2019**

Rekstrar- og  
efnahagsreikningur  
ásamt greinargerð



# Ísafjarðarbær

---

Fjárhagsáætlun

---

2019



Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafirði  
kt. 540596-2639

---

# Ísafjarðarbær

---

## Fjárhagsáætlun

---

# 2019

### Efnisyfirlit

Rekstrarreikningur	1
Efnahagsreikningur	2
Yfirlit um sjóðstreymi	4
Kennitölur	5
Greinargerð með fjárhagsáætlun	7
-Almennar forsendur	7
-Velferðarsvið	10
-Skóla- og tómstundasvið	15
-Stjórnsýslu- og fjármálasvið	20
-Umhverfis- og eignasvið	22
-Fasteignir Ísafjarðarbæjar	25
-Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	25
-Hafnarsjóður	26
-Byggðasafn Vestfjarða	28
-Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld	29
-Fjárfestingar	30
-Fjárfestingaráætlun 2019-2022	31
-Áætlun styrkja og framlaga 2019	32
Rekstrarreikningur málaflokka	34
Efnahagsreikningur málaflokka	35
Yfirlit um sjóðstreymi málaflokka	36
Rekstraryfirlit málaflokka	37

# Rekstrarreikningur ársins 2019

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2019	2018_MV	2017	2019	2018_MV	2017
Útsvar .....	2.293.204	2.064.000	1.868.760	2.293.204	2.064.000	1.868.760
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	936.815	854.032	811.575	936.815	854.032	811.575
Fasteignaskattar .....	402.505	362.212	335.082	402.505	362.212	335.082
Sölutekjur .....	92.805	97.501	75.130	129.599	132.898	122.599
Þjónustutekjur .....	212.510	192.256	190.287	726.325	653.113	597.256
Aðrar tekjur .....	628.600	622.192	574.806	900.627	903.932	846.665
	<u>4.566.439</u>	<u>4.192.192</u>	<u>3.855.639</u>	<u>5.389.075</u>	<u>4.970.187</u>	<u>4.581.937</u>
Laun og launatengd gjöld .....	(2.522.196)	(2.362.242)	(2.142.453)	(2.689.469)	(2.511.968)	(2.300.161)
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	(104.807)	(163.375)	(275.555)	(104.807)	(163.375)	(275.555)
Vörukaup .....	(183.695)	(151.560)	(118.258)	(187.715)	(158.136)	(137.620)
Þjónustukaup .....	(581.945)	(501.507)	(429.057)	(623.058)	(566.237)	(486.125)
Orkukostnaður .....	(101.912)	(100.796)	(93.324)	(140.357)	(144.195)	(133.254)
Viðhaldskostnaður .....	(179.923)	(182.950)	(218.371)	(307.346)	(320.297)	(302.509)
Upplýsingakerfi .....	(54.856)	(50.641)	(47.798)	(55.526)	(51.244)	(49.119)
Önnur rekstrargjöld .....	(208.945)	(188.079)	(239.828)	(261.681)	(255.238)	(285.917)
Styrkir og annað .....	(253.301)	(232.029)	(195.044)	(253.301)	(208.174)	(175.647)
Skattar og gjöld .....	(54.835)	(51.919)	(48.692)	(91.216)	(84.967)	(79.437)
	<u>(4.246.415)</u>	<u>(3.985.098)</u>	<u>(3.808.380)</u>	<u>(4.714.475)</u>	<u>(4.463.830)</u>	<u>(4.225.344)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>	<u>320.024</u>	<u>207.095</u>	<u>47.259</u>	<u>674.599</u>	<u>506.357</u>	<u>356.593</u>
Afskriftir fastafjármuna .....	(144.804)	(133.968)	(121.450)	(248.977)	(234.656)	(220.105)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<u>175.219</u>	<u>73.127</u>	<u>(74.191)</u>	<u>425.622</u>	<u>271.701</u>	<u>136.488</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	(171.390)	(94.087)	(65.020)	(335.622)	(240.085)	(186.326)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<u><u>3.829</u></u>	<u><u>(20.960)</u></u>	<u><u>(139.210)</u></u>	<u><u>90.000</u></u>	<u><u>31.616</u></u>	<u><u>(49.839)</u></u>

\*Rekstur Bygðasafns Vestfjarða er nú inn í áætlun 2019 og í samanburðargögnum

# Áætlaður efnahagsreikningur 2019

Eignir	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
<b>Fastafjármunir</b>				
Fasteignir og lóðir .....	3.604.031	3.205.762	5.450.086	5.111.806
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur .....	883.966	906.963	1.992.169	2.017.931
Vélar, áhöld og tæki .....	232.227	219.304	263.613	251.109
Eignarhlutir í félögum .....	584.207	584.207	456.636	456.636
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	31.952	46.659	0	0
Langtímakröfur .....	299.253	419.418	299.253	419.418
	<u>5.635.636</u>	<u>5.382.314</u>	<u>8.461.756</u>	<u>8.256.900</u>
<b>Veltufjármunir</b>				
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur .....	309.419	309.419	358.122	358.122
Næsta árs og gjaldf. afb. af langtímakröfum .....	123.259	3.506	123.259	3.506
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B .....	228.476	206.034	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	30.954	30.954	31.780	33.601
Handbært fé .....	159.808	40.779	199.946	80.917
	<u>851.916</u>	<u>590.692</u>	<u>713.108</u>	<u>476.146</u>
<b>Eignir</b>	<u>6.487.551</u>	<u>5.973.005</u>	<u>9.174.864</u>	<u>8.733.046</u>

# Áætlaður efnahagsreikningur 2019

Eigið fé og skuldir	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eigið fé</b>				
Eiginfjárreikningur .....	708.728	704.899	1.274.806	1.184.806
	<u>708.728</u>	<u>704.899</u>	<u>1.274.806</u>	<u>1.184.806</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>				
Lífeyrisskuldbinding .....	1.721.473	1.677.565	1.721.473	1.677.565
Skuldir við lánastofnanir .....	2.571.811	2.368.712	5.107.747	4.982.463
Leiguskuldir .....	26.800	26.800	26.800	26.800
	<u>4.320.084</u>	<u>4.073.077</u>	<u>6.856.020</u>	<u>6.686.828</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>				
Viðskiptaskuldir .....	397.552	397.552	401.970	401.970
Skuldir við eigin fyrirtæki B .....	569.822	462.534	0	0
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	383.295	226.873	506.747	322.299
Aðrar skammtímaskuldir .....	108.070	108.070	135.321	137.142
	<u>1.458.739</u>	<u>1.195.029</u>	<u>1.044.038</u>	<u>861.412</u>
Skuldir	<u>5.778.823</u>	<u>5.268.106</u>	<u>7.900.058</u>	<u>7.548.240</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<u><u>6.487.551</u></u>	<u><u>5.973.005</u></u>	<u><u>9.174.864</u></u>	<u><u>8.733.046</u></u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2019	2018_MV	2017	2019	2018_MV	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða ársins .....	3.829	(20.960)	(139.210)	90.000	31.616	(49.839)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir .....	144.804	133.968	121.450	248.977	234.626	220.105
Sölutap fastafjármuna .....	0	0	(4.305)	0	0	(4.305)
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	0	0	3.740	0	0	5.677
Verðb. og gengism. langtímalíða .....	103.424	37.141	31.347	198.700	110.499	77.601
Sölutap hlutabréfa .....	0	0	(108)	0	0	(108)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	104.807	88.975	275.555	104.807	88.975	275.555
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>356.865</b>	<b>239.124</b>	<b>288.468</b>	<b>642.485</b>	<b>465.716</b>	<b>524.687</b>
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun .....	(29.852)	0	(59.741)	(29.852)	(39.465)	(48.811)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....	(86.700)	0	(215.604)	(86.700)	0	(215.604)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) .....	0	(150.855)	240.730	0	(150.855)	239.998
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>240.313</b>	<b>88.269</b>	<b>253.854</b>	<b>525.933</b>	<b>275.396</b>	<b>500.270</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm. ....	(518.000)	(599.540)	(357.109)	(574.000)	(730.000)	(463.506)
Langtímakröfur, breyting .....	28.421	(373.217)	540	563	(411.348)	540
Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum .....	0	0	(31.100)	0	0	(29.422)
	<b>(489.579)</b>	<b>(972.757)</b>	<b>(387.668)</b>	<b>(573.437)</b>	<b>(1.141.348)</b>	<b>(492.387)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Tekin ný langtímalán .....	550.000	1.123.000	0	550.000	1.123.000	0
Afborganir langtímalána .....	(285.873)	(206.023)	(213.975)	(383.467)	(299.599)	(304.189)
Afborgun leiguskuldbindinga .....	0	0	(1.495)	0	0	(1.495)
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting .....	104.168	(55.553)	36.518	0	0	0
	<b>368.295</b>	<b>861.424</b>	<b>(178.952)</b>	<b>166.533</b>	<b>823.401</b>	<b>(305.684)</b>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....	119.029	(23.064)	(312.766)	119.029	(42.551)	(297.801)
Handbært fé í upphafi árs .....	40.779	49.181	361.948	80.917	84.003	381.804
Handbært fé í lok árs .....	<b>159.808</b>	<b>26.117</b>	<b>49.181</b>	<b>199.946</b>	<b>41.452</b>	<b>84.003</b>

# Kennitölur

## 1. Kennitölur - Skuldaviðmið

	Sveitarsjóður		Sveitarsjóður	
	ÁÆ 2019	ÁÆ 2018	2017	2016
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og vexti (EBITDA).....	320.024	207.095	47.259	289.745
Skuldahlutfall.....	126,55%	125,66%	109,33%	108,42%
Skuldaviðmið a.t.t.t lífeyrisskuldbindinga (15 ár).....	111,67%	109,28%	93,13%	91,45%
	Samantekinn ársreikningur		Samantekinn ársreikningur	
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og vexti (EBITDA).....	674.599	506.357	371.854	633.207
Skuldahlutfall.....	146,59%	151,87%	143,98%	146,01%
Skuldaviðmið a.t.t.t lífeyrisskuldbindinga (15 ár).....	133,99%	138,05%	130,14%	131,59%
<b>Skuldaviðmið .....</b>	<b>99,36%</b>	<b>116,85%</b>	<b>114,26%</b>	<b>115,79%</b>

Með gildistöku sveitarstjórnarlaga árið 2012 var það ákvæði sett á að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærra en nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt þeim reikniáðferðum sem lýst er í IV. kafla reglugerðar 502/2012. Í ofangreindum forsendum er miðað við að á árinu 2019 verði núvirt leiguverð 844 milljónir króna, leiguverðið 66 milljónir króna og lífeyrisskuldbindingar til frádráttar 679 milljónir króna. Til viðbóttar er á árinu 2019 frádráttur vegna Brú sem nemur 374 milljónum króna og er vegna fyrirframgreiðslu í lífeyrisaukasjóð og jafnvægisjóð og einnig vegna veltufjármuna, 713 milljónir króna.

## 2. Kennitölur - lykiltölur

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gaf út haustið 2013 viðmið um rekstrarniðurstöður sveitarfélaga út frá skuldsetningu þeirra.

### Lágmarksviðmið

Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlutfall af tekjum		50%	100%	<b>150%</b>
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	5,0%	5,0%	10,0%	<b>15,0%</b>
Rekstrarniðurstaða.....	>0	>0	>0	<b>&gt;0</b>
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum.....	2,5%	2,5%	5,0%	<b>7,5%</b>
Veltufé frá rekstri á móti afb. lána og skuldb.....	>1,0	>1,0	>1,0	<b>&gt;1,0</b>
Veltufjárhlutfall.....	>1,0	>1,0	>1,0	<b>&gt;1,0</b>
	ÁÆ 2019	ÁÆ 2018	2017	2016
Framlegð.....	779.407	669.732	605.444	844.548
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	14,5%	13,5%	13,3%	19,0%
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum.....	11,9%	9,5%	10,9%	16,7%
Veltufé frá rekstri á móti afb. lána og skuldb.....	1,68	1,57	1,63	2,33
Veltufjárhlutfall .....	0,68	0,55	0,67	1,26



# Kennitölur

## 3. Kennitölur - Laun og stöðugildi

	ÁÆ 2019	ÁÆ 2018	2017	2016
Laun og launatengd gjöld.....	2.689.469	2.511.968	2.267.586	2.091.825
Hlutfall af rekstrartekjum.....	50,97%	50,30%	49,78%	47,16%
Launakostnaður per stöðugildi.....	8.225	7.749	7.541	7.167
<b>Stöðugildi</b>				
02 Fjölskyldusvið.....	64,3	63,4	56,8	54,5
04 Fræðslusvið.....	148,4	146,2	141,1	135,8
05 Menningarmál.....	9,1	8,7	8,6	8,1
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	28,5	30,7	26,2	26,1
07 Brunamál og almannavarnir.....	16,0	15,7	15,0	15,0
09 Skipulags- og byggingarmál.....	4,0	3,6	2,8	2,3
11 Umhverfismál.....	1,0	1,0	1,0	3,0
13 Atvinnumál.....	1,8	1,7	1,3	2,0
21 Sameiginlegur kostnaður.....	17,2	17,4	16,0	16,1
31 Eignasjóður.....	1,0	1,0	1,0	1,0
33 Þjónustumiðstöð.....	12,9	13,8	11,9	10,2
41 Hafnarsjóður.....	16,5	14,2	14,5	12,8
53 Þjónustuíbúðir.....	2,3	2,3	3,3	3,2
57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.....	1,0	1,2	1,1	1,8
58 Byggðasafn Vestfjarða .....	3,0	3,5	-	-
	<b>327,0</b>	<b>324,2</b>	<b>300,7</b>	<b>291,9</b>

# Greinargerð með fjárhagsáætlun 2019

## ALMENNAR FORSENDUR

### LAGAUMGJÖRD


Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2019 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 1. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina. Á það við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar er því eiginleg fjárveiting til rekstrar Ísafjarðarbæjar og ber að fylgja henni.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum eru megin lagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í 1. kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Þá hafa þau ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðaleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

### ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Við áætlun útsvars Ísafjarðarbæjar er stuðst við áætlanir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga. Undanfarin ár hafa þær áætlanir verið vel innan marka, enda hefur verið farið fram með varkárni við mat forsendna. Á myndinni hér að neðan má sjá hver áætlun útsvars fimm síðustu ára hefur verið til samanburðar við niðurstöðu hvers árs og svo áætlun 2018 og 2019.



Graf 1. Samanburður útsvarsgreiðslna árin 2013 til 2019

Gert er ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 8,2% milli árunna 2018 og 2019. Útsvarsgreiðslur fyrir árið 2019 eru áætlaðar 2.293 m.kr. samanborið við 2.064 m.kr. í áætlun 2018 en á árinu 2019 er gert ráð fyrir að eftirágreitt útsvar verði um 75 m.kr. til viðbótar við staðgreiðslu útsvars að fjárhæð 2.219 m.kr.

Í áætlun 2018 var gert ráð fyrir að íbúum Ísafjarðarbæjar myndi fjölga um 1% og yrðu 3.751 í árslok 2018. Við vinnu greinargerðar þessarar, 9. nóvember 2018, hefur íbúum fjölgað í 3.826 eða um 3,21% frá árslokum 2017. Í fjárhagsáætlun 2019 er enn gert ráð fyrir að íbúum muni fjölga um 1% á árinu 2019 frá deginum í dag og verði 3.864 í lok árs.

Samkvæmt þjóðhagsspá að sumri sem gefin var út 1. júní 2018 var áætlað að verðbólga ársins 2019 yrði um 2,9%. Notast var við þær forsendur við gerð fjárhagsáætlunar en gjaldskrárhækkanir látnar taka mið af 2,7% verðbólgu sem er verðbólguþá 2018. Þjóðhagsspá að vetri var gefin út 2. nóvember 2018 þar sem spáð var 3,6% verðbólgu á árinu 2019 og var tekið mið af henni við útreikning skulda.

Ár	Álagningar- prósenta útsvars	Útsvarsstofn		Álagt útsvar skv. álagningarskrá	Álagt útsvar, hluti löfnunarsjóðs	Verðbætur, kostnaður, frádráttur	Samtals skiluð staðgreiðsla
2019áæ	14,52%	17.804.296.993	8,20%	2.585.183.923	-313.350.143	-53.095.390	2.218.738.390
2018áæ	14,52%	16.454.987.979	8,50%	2.389.264.255	-289.602.720	-53.095.390	2.046.566.144
2017	14,52%	15.165.887.538	8,21%	2.165.434.095	-262.476.860	-53.095.390	1.849.861.845
2016	14,52%	14.014.733.395	7,93%	2.034.939.289	-246.659.308	-50.496.503	1.737.783.478
2015	14,52%	12.985.288.939	6,94%	1.885.463.954	-228.541.085	-52.264.863	1.604.658.006
2014	14,52%	12.142.306.102	3,66%	1.763.062.846	-213.704.587	-49.133.879	1.500.224.380
2013	14,48%	11.713.433.791	4,51%	1.696.105.213	-201.471.061	-42.672.488	1.451.961.664
2012	14,48%	11.208.274.496	5,47%	1.622.958.147	-192.782.321	-43.934.601	1.386.241.225

Tafla 1. Þróun útsvars árin 2012-2019

## FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamat, samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júnímánuði. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarkerfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands. Skatthlutföll haldast óbreytt milli árana 2018 og 2019.

	2019	2018	2017	2016	2015
Fasteignaskattur A	0,63%	0,63%	0,63%	0,63%	0,63%
Lóðarleiga	1,80%	1,80%	1,80%	1,80%	1,80%
Vatnsgjald	0,21%	0,21%	0,21%	0,21%	0,21%
Holræsgjald	0,03%	0,03%	0,03%	0,03%	0,25%
Sorpgjald þéttbýli	46.642	46.642	46.642	40.558	39.300
Sorpgjald dreifbýli	31.687	31.687	31.687	27.554	26.700

Tafla 2. Þróun skatthlutfalla fasteignagjalda 2015-2019

Á síðustu 5 árum hefur fasteignamat í Ísafjarðarbæ hækkað samtals um 51,9%. Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2019 var birt 31. maí 2018 og er fasteigna- og landmat 2019 42.314 m.kr. Fasteignamat fyrir árið 2018 var 37.618 m.kr. og er því fasteignamat 2019 að hækka um 12,5% frá árinu 2018.

	2019áætl	2018	2017	2016	2015
Fasteignaskattur	331.213.663	297.266.076	273.246.292	252.019.067	240.759.790
Lóðarleiga	71.291.265	64.945.763	58.423.841	50.676.032	48.931.815
Vatnsgjald	79.334.440	69.879.847	64.487.962	59.345.855	58.449.641
Holræsgjald	91.052.882	79.754.243	74.262.016	68.170.895	66.924.811
Sorpgjald	77.852.022	77.367.644	77.761.763	65.482.670	64.984.129
<b>Samtals</b>	<b>650.744.272</b>	<b>589.213.573</b>	<b>548.181.874</b>	<b>495.694.519</b>	<b>480.050.186</b>
	10,4%	7,5%	10,6%	3,3%	-0,1%

Tafla 3. Þróun fasteignagjalda árin 2015-2019

## Fasteignaskattur

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði haldist óbreyttur á milli ára. Áætlað er þó að tekjur af fasteignaskatti aukist vegna hækkunar fasteignamats. Einnig er von á að fasteignaskattur aukist vegna magnaukningar á árinu 2019, þ.e. áætlaðri aukningu á fjölda fasteigna í bæjarfélaginu, en ekki hefur verið gert ráð fyrir því í áætlun.

## Vatnskattur og holræsagjald

Vatnskattur og holræsagjald haldast óbreytt á milli ára.

## Sorpgjöld

Sorpgjöld hækka um 2,7% á milli ára og skiptast upp í sorphirðu- og sorpförgunargjöld.

## Lóðarleiga

Lóðarleiga á einingu hækkar ekki á milli ára.

## JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195 um tekjustofna sveitarfélaga er sjóðurinn einn þriggja meginstoða sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga s.s. vegna fasteignagjalda en útgjalda-jöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Í áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2019 er fasteignaskattsframlag áætlað um 277 m.kr., útgjalda-jöfnunarframlag um 450 m.kr. og grunnskólaframlag um 193 m.kr., eins og sjá má í töflu 4.

	2019áætl	2018 áætl	2017	2016	2015	2014
Fasteignask.frl. rgl. 80/2001	276.681.697	266.238.098	252.557.483	241.679.624	203.126.249	203.493.623
Útgj.jöfn.frl.13 gr. rgl.113/2003	450.058.610	395.678.075	384.846.511	477.595.967	372.763.623	341.639.467
Grunnskólafrl. 3.gr. rgl.351/2002	192.566.697	172.395.458	118.501.870	142.931.744	132.684.866	75.451.861
Frl.v.sérþarfa nem.4.gr rgl.351/2002	8.277.778	12.050.000	13.400.000	12.991.663	13.100.000	15.500.000
Frl.nýbúafræðsla 5.gr.rgl.351/2002	9.230.000	7.670.000	7.400.000	7.713.330	6.760.000	3.840.000
Aukaframlag	0	0	35.249.393			
<b>Samtals</b>	<b>936.814.782</b>	<b>854.031.631</b>	<b>811.955.257</b>	<b>882.912.328</b>	<b>728.434.738</b>	<b>639.924.951</b>
	9,7%	5,2%	-8,0%	21,2%	13,8%	9,7%

Tafla 4. Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði árin 2014-2019


## VELFERÐARSVIÐ

### SKRIFSTOFA

Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á skrifstofu velferðarsviðs sem hafa áhrif á rekstur hennar. Breyting er gerð á bókunum á milli málefna fatlaðra og skrifstofu velferðarsviðs, þar sem til stendur að nýta 20% stöðugildi í þjónustu einhverfuráðgjafa.

### FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Fjárhagsaðstoð lækkar lítillega. Breytingar verða þar sem úrræði í samvinnu við Fjölsmiðjuna munu bókast á úrræði í fjárhagsaðstoð (9161) í stað almennrar fjárhagsaðstoðar (9111). Einstaklingar sem nýta rétt sinn til fjárhagsaðstoðar eru enn að mestu einhleypir einstaklingar og einstæðir foreldrar. Nokkuð er um að einstaklingar fái fjárhagsaðstoð eftir fæðingarorlof þar sem börn þeirra fá ekki inni á leikskóla eða hjá daggæslu. Gert er ráð fyrir að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækki í janúar samkvæmt vísitölu, líkt og reglur gera ráð fyrir.



Graf 2. Þróun fjárhagsaðstoðar árin 2013-2019

### MÓTTAKA FLÓTTAMANNA


Verkefnastjóri mun starfa við móttöku flóttamanna fram til loka febrúar 2019, í 100% starfi. Ein fjölskylda úr hópnum býr á Ísafirði, þrjár á Flateyri og ein í Súðavík. Gert er ráð fyrir að um það bil 19 m.kr. framlag frá velferðarráðuneyti verði fært yfir á næsta ár. Samningar við skóla um þjónustu munu ná til skólaloka vorið 2019 en hægt verður að nýta framlagið til loka febrúar 2020. Gert er ráð fyrir að stærsti einstaki kostnaðarliðurinn frá júní 2019 til loka febrúar 2020 verði þjónusta sálfræðings.

### AFSLÁTTUR AF FASTEIGNAGJÖLDUM ALDRAÐRA OG ÖRYRKJA

Hækkun er á liðnum í samræmi við hækkun á launavísitölu og hækkun fasteignagjalda.

Tekjuforsendur	2019		2018	
	Einstaklin	Hjón	Einstakling	Hjón
<b>100% ef tekjur allt að</b>	3.550.000	5.680.000	3.278.000	4.589.000
<b>80% ef tekjur allt að</b>	3.976.000	6.248.000	3.607.000	5.047.000
<b>60% ef tekjur allt að</b>	4.453.000	6.873.000	3.930.000	5.502.000
<b>40% ef tekjur allt að</b>	4.987.000	7.560.000	4.243.000	5.942.000
<b>20% ef tekjur allt að</b>	5.585.000	8.316.000	4.542.000	6.359.000


Tafla 5. Tekjuviðmið árið 2018 og tillaga að tekjuviðmiði 2019



Graf 3. Þróun afslátta fasteignagjalda árin 2015-2019

## BARNAVERND

Samningur um sameiginlega ábyrgð Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps var undirritaður s.l. sumar en greitt var samkvæmt honum frá janúar 2018. Þátttaka sveitarfélaganna er hlutfallsleg, miðast við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Samningur við þrjá starfsmenn um bakvaktir hefur áhrif á yfirvinnu til hækkunar. Fjórði starfsmaður á bakvakt er sviðsstjóri velferðarsviðs. Áfram eru helstu úrræði í barnavernd falin í föstum viðtölum og eftirfylgni starfsmanna, sálfræðiþjónustu, forsjárhæfismötum, fjölskylduráðgjöf, almennri félagsráðgjöf, tilsjón á heimilum, stuðningsfjölskyldum, fíkniefnamælingum og fósturúrræðum. Jafnframt er jákvæð aukning í þverfaglegri teymisvinnu, að frumkvæði barnaverndar, og samvinnu við önnur kerfi s.s. heilbrigðisyfirvöld. Enn fremur sinnir barnaverndin fræðslu á störfum barnaverndar og kynningu á barnaverndarlögum til allra þeirra aðila sem vinna með börnum. Barnaverndin er í samvinnu við BUGL, geðteymi barna á Ísafirði, Barnaverndarstofu og aðrar stofnanir. Þá er lögð áhersla á að fagfólkið í barnavernd sinni sí- og endurmenntun. Samband Íslenskra sveitarfélaga gaf út tilmæli um breytingar á bókunum í barnavernd. Nú eru fósturvistanir settar á 02-330, kostnaður vegna úrræða á heimili settur á 02-340 (tilsjón) og kostnaður vegna úrræða utan heimilis settur á 02-350 (stuðningsfjölskyldur).




Graf 3. Kostnaður við barnavernd 2013 - 2019

## ALMENNT UM MÁLAFLOKK FATLAÐRA

Í fjárhagsáætlun ársins 2019 eru áhrif nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sem tóku gildi þann 1. október, að koma fram. Þar ber hæst breytingu á skilgreiningu á grunnþjónustu þar sem einstaklingur á nú rétt á allt að 65 tímum á mánuði í grunnþjónustu, þ.e. þjónustu sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla og frístundaþjónusta) áður en kemur til kasta stoðþjónustu, sem kveðið er á um í lögum um stuðningsþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Því eru framangreindar deildir komnar undir eina deild, 02-150 – stuðningsþjónusta, og kostnaðarhækkun veruleg. Jafnframt er ný deild, 02-550 stoðþjónusta, sett í áætlun. Um er að ræða deild fyrir NPA og notendasamninga sem gerðir verða við einstaklinga (deildin hét áður frekari liðveisla).

Á vordögum 2018 hafði verið gert ráð fyrir að hagræðingaraðgerð í einni tiltekinni búsetu sem átti að lækkað kostnað verulega. Tafir hafa orðið á því þar sem málinu var vísað til úrskurðarnefndar og hefur tekið tæpa sjö mánuði í meðförum hennar. Niðurstaðan var jákvæð fyrir málaflokkinn og mun starfsemin fljótlega verða samkvæmt samþykktri áætlun.

Í áætluninni er gert ráð fyrir nýju úrræði, „heimili fyrir börn“. Kostnaðurinn við úrræðið er áætlaður 52,2 m.kr. en gert er ráð fyrir aðkomu heilbrigðisyfirvalda sem nemur helmingi kostnaðar. Þetta, ásamt NPA, er ein helsta ástæða hækkunar á kostnaði í málaflokki fatlaðra, auk kostnaðaraukningar í Hvestu.



Graf 4. Kostnaður við málefni fatlaðra 2015 - 2019

## MÁLEFNI FATLAÐRA, SAMEIGINLEGT

Hér bókast 2,02 stöðugildi sem Ísafjarðarbæ er úthlutað af þeim fjórum stöðugildum sem skilgreind eru í stjórnun og ráðgjöf í málaflokki fatlaðra á Vestfjörðum. Þar af er eitt stöðugildi hjá BsVest í 80% stöðugildi verkefnastjóra og 20% stöðugildi framkvæmdastjóra sameinað í eitt stöðugildi framkvæmdastjóra. Í áætluninni eru raunar bókuð laun fyrir 2,72 stöðugildi en tekjumillifærslur gerðar þar sem stöðugildum er skipt á deildir. Hér er jafnframt skráð 20% stöðugildi einhverfuráðgjafa í stað 20% millifærslu af launum deildarstjóra í félagsþjónustu. Helmingur stöðugildis sviðsstjóra velferðarsviðs er bókað á þessa deild.

## STUÐNINGSPJÓNUSTA

(SKIPTIS Í FÉLAGSLEGA HEIMAPJÓNUSTU, FÉLAGSLEGA LIÐVEISLU, FREKARI LIÐVEISLU OG FRÍSTUNDAÞJÓNUSTU)

Stuðningsþjónusta (02-150) er nýtt samheiti fyrir fjórar deildir; félagslega heimaþjónustu (02-440), félagslega liðveislu (02-520), frekari liðveislu (02-550) og frístundaþjónustu, sem falla hér með undir grunnþjónustu sveitarfélagsins. Af þessum liðum voru tveir þeir fyrstu á ábyrgð sveitarfélagsins fram að lagabreytingu en frekari liðveisla var greidd af BsVest.

Í nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk er ákvæði um frístundaþjónustu sem hingað til hefur verið veitt af sveitarfélaginu með lágu framlagi frá Jöfnunarsjóði. Vaxandi fjöldi fatlaðra barna hefur nýtt sér þjónustuna. Lögin kveða á um að þjónustan standi til boða þar til einstaklingar ljúka framhaldsskóla.

## FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA

Gert er ráð fyrir að stakar ferðir hækki úr 210 í 500 krónur. Gjaldið hefur verið tengt gjaldi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í almennum samgöngum og hefur verið óbreytt í nokkur ár, þrátt fyrir að kostnaður vegna þjónustunnar hafi aukist á grundvelli nýs samnings um ferðaþjónustu.

## BÚSETA SINDRAGÖTU

Búseta Sindragötu fer framúr áætlun 2018 vegna tafa á að nýtt skipulag yrði innleitt. Áætlun ársins 2019 gerir ráð fyrir skipulagi sem felur í sér eina næturvakt í Sindragötu í stað tveggja. BsVest mun bera kostnað af breytingum – sem eru óverulegar.

## SKAMMTÍMAVISTUN

Í áætlun er gert ráð fyrir að skammtímavistun færist á aðra hæð í Hvestu. Kostnaður við stofnunina lækkar verulega.

## HVESTA

Í ljósi þess að starfsmannafjöldi (fatlaðir starfsmenn) í Hvestu hefur aukist verulega og húsnæðið uppfyllir ekki lengur þörf starfsmanna og leiðbeinenda fyrir rými er lagt til við stjórn BsVest að leigt verði stærra húsnæði fyrir starfseminna. Eigendur húsnæðisins bjóða nú upp á að öll önnur hæð húsnæðisins verði einnig nýtt, auk þess sem verulegar breytingar verða gerðar á húsnæðinu. Það felur í sér kostnaðarauka en þó lækkun á leiguverði á fermetra. Leigan fer úr kr. 6,2 m.kr. í 8,3 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að skammtímavistun greiði húsaleigu til Hvestu, 1,9 m.kr. á ári. Málið hefur verið lagt fyrir stjórn BsVest.

## ÖNNUR ÞJÓNUSTA FATLAÐRA, BYGGÐASAMLAG

Hér er gert ráð fyrir að greiðslur frá BsVest standi undir kostnaði vegna málefna fatlaðra, utan grunnþjónustu sveitarfélagsins.

Helstu breytingar í starfseminni felast í að gert er ráð fyrir nýju úrræði, „heimili fyrir börn“, nýtt úrræði NPA og notendasamningar um einstaklingsþjónustu komist á fót, að Hvesta verði stækkuð og að starfsemi skammtímavistunar færist þangað.



## Málefni fatlaðra

	<u>2019_áætl</u>	<u>2018_áætl</u>	<u>2017</u>	<u>2016</u>
02510 Mál.fatlaðra, sameiginlegt	38.346	35.729	28.335	31.747
02550 Frekari liðveisla	0	43.745	31.525	27.207
02550 Stoðþjónusta	60.127	0	0	0
02561 Búseta Fjarðarstræti	58.218	62.062	59.766	57.023
02562 Búseta Sindragötu 2	95.551	91.579	49.543	42.649
02563 Búseta Pollgata	83.811	89.034	69.711	67.573
02564 Búseta Sindragötu 1	0	0	41.827	40.123
02570 Skamm tímavistun	20.661	35.943	35.028	34.283
02571 Heimili fyrir börn með fötlun	52.290	0	0	0
02580 Hvesta	55.083	47.877	45.400	43.589
02590 Önnur þjón. fatlaðra, Byggðasamlag	1.200	1.200	1.088	1.111
<b>Samtals gjöld</b>	<b>465.286</b>	<b>407.169</b>	<b>362.223</b>	<b>345.305</b>
Endurgreiðslur frá BSV	(479.245)	(419.384)	(411.160)	(341.379)
Leiðrétt framlag milli ára	0	0	13.290	(2.016)
<b>Leiðréttar greiðslur v. árs</b>	<b>(479.245)</b>	<b>(419.384)</b>	<b>(397.870)</b>	<b>(343.396)</b>
<b>Niðurstaða reksturs án þátttöku í rekstri</b>	<b>(13.959)</b>	<b>(12.215)</b>	<b>(35.647)</b>	<b>1.909</b>
3% þátttaka í rekstri af heildarupphæð reksturs	13.959	12.215	10.867	10.359
<b>Rekstrarniðurstaða málefni fatlaðra</b>	<b>(0)</b>	<b>0</b>	<b>(24.780)</b>	<b>12.268</b>

Tafla 6. Málefni fatlaðra 2016 - 2019

## ÝMSIR STYRKIR

Engin breyting er áætluð í stuðningi við Vesturafli, Fjölsmiðju og aðra sem hafa notið stuðnings Ísafjarðarbæjar vegna starfsemi sinnar. Sú breyting er gerð að úrræði vegna þjónustu Fjölsmiðju við einstaklinga bókast hér eftir á úrræði í fjárhagsaðstoð. Í ljósi góðrar reynslu af þjónustu Stígamóta er áfram gert ráð fyrir framlagi til samtakanna.

## HLÍF - ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR

Gert er ráð fyrir endurnýjun á tveimur íbúðum á Hlíf I. Húsleigan hækkar um 5% en áfram er unnið að því að uppfylla lagaskilyrði um að þjónustuíbúðir séu reknar án halla.

Verið er að skoða möguleika á kaupum á nýju öryggiskerfi en jafnframt verður skoðaður möguleiki á að semja við öryggisfyrirtæki. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar hefur sinnt öryggisþjónustu frá árinu 2009.

Gert er ráð fyrir kaupum á einni íbúð á Hlíf I í framkvæmdaáætlun 2019.

Allt viðhald á sameign, utanhúss og innan-, er nú á höndum húsfélaganna á Hlíf. Á árinu 2018 var samið við Eignarekstur um húsfélagþjónustu og hlutverk Ísafjarðarbæjar því minnkað í þjónustu við húsfélögin.

## SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

Stærstur hluti kostnaðar skóla- og tómstundasviðs eru laun. Í launáætlun 2019 er gert ráð fyrir 6% launahækkunum kennara en samningar losna á árinu. Hækkanir launa annarra stétta eru eitthvað lægri í áætluninni.

### FRÆÐSLUMÁL

Stöðugildum til grunn-, leik- og tónlistarskóla er úthlutað samkvæmt úthlutunarreglum og mið tekið af kennslustundalíkani. Sérúrræði vegna barna með fatlanir er tekið sérstaklega fyrir og útteilt miðað við viðmið sem sveitarfélagið hefur sett sér. Breytingar milli ára geta verið misjafnar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður eru á hverjum stað fyrir sig.

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við undanfarin ár. Búið er að spjalddölvunvæða skólana ágætlega en komið að endurnýjun auk endurnýjunar á tölvubúnaði.

### SKÓLASKRIFSTOFA

Gert er ráð fyrir svipuðum kaupum á sérfræðiþjónustu og árið 2018. Undir sérfræðiþjónustu falla kaup á þjónustu frá sálfræðingum, talmeinafræðingum, listmeðferðarfræðingi, Skemu og fleira.

### GRUNNSKÓLAR

Áfram er gert ráð fyrir kaupum á námsgögnum fyrir nemendur samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar frá 2013. Innkaup skólanna á húsbúnaði og tölvubúnaði var lengi færður á fjárfestingar en nú er gert ráð fyrir þeim í rekstraráætlun í öllum skólum. Ljóst er að breytingar geta orðið á rekstraráætlun skóla ef breyting verður á tölvuþjónustukaupum sveitarfélagsins.

### Gjaldskrá

Skólamatúr hækkar um 2,7% eða úr 505 í 519 kr., áfram verður gefinn 10% afsláttur ef keypt er heil önn.

### Stöðugildadatafla grunnskóla

Úthlutun kennslustunda tekur mið af fjölda nemenda og aldurssamsetningu í hverjum skóla. Úthlutun vegna stuðnings og sérþarfa tekur mið af sérþörfum nemenda í hverjum skóla fyrir sig. Lítil breyting er á stöðugildafjölda litlu grunnskólanna en aukning er í Grunnskólanum á Ísafirði.

Skóli	Skólaliðar/ blönduð störf 2019	Skólaliðar/ blönduð störf 2018	Skólaliðar 2017	Kennarar og stjórnendur 2019	Kennarar og stjórnendur 2018	Kennarar og stjórnendur 2017	Aðrir starfsmenn 2019	Aðrir starfsmenn 2018	Aðrir starfsmenn 2017
Grunnskólinn á Ísafirði (GÍ)	6	6	6	38,63	37,3	33,4	13,69	14,2	12,7
Grunnskólinn á Suðureyri (GS)	0,45	0	0	6,06	6,4	6,2	1,06	1,4	1,5
Grunnskóli Öfundarfjarðar (GÖ)	0,75	0,8	0,7	3,66	3,6	3,3	0	0,1	0,1
Grunnskólinn á Þingeyri (GÞ)	1,85	1,7	0	5,14	5,6	5,6	0	0	1,7
<b>Samtals</b>	<b>9,05</b>	<b>8,5</b>	<b>6,7</b>	<b>53,49</b>	<b>52,9</b>	<b>48,5</b>	<b>14,75</b>	<b>15,7</b>	<b>16</b>


Tafla 7. Stöðugildi grunnskóla

### Þróun nemendafjölda og kennslustundaúthlutunar

Síðustu ár hefur nemendum í grunnskólum fækkað töluvert í flestum skólum sveitarfélagsins, en nú er nemendum farið að fjölga aftur í Grunnskólanum á Ísafirði.

	2018-2019	2017-2018	2016-2017	2015-2016	2014-2015
<b>Kennslustundir</b>	1258	1230	1181	1164	1167
<b>Nemendafjöldi</b>	462	442	431	431	426

Tafla 8. Nemendafjöldi og kennslustundaúthlutun



Graf 5. Próun nemendafjölda og kennslustundaúthlutunar frá árunum 2015 til 2019.

Fjöldi nemenda eftir skólum og kennslustundaúthlutun er mjög mismunandi eftir skólum. Börnum er nú loksins farið að fjölga aftur í GÍ og miðað við stærð árganga sem eru í leikskólum má gera ráð fyrir fjölgun næstu árin. Nokkur stöðugleiki hefur verið í nemendafjölda í GS en fækkun í GÖ og GP. Miðað við stærð árganga í leikskólum minni hverfanna má gera ráð fyrir einhverri fækkun í GS en stöðugleika í GÖ og GP á næstu árum, það þarf þó lítið til að þetta breytist.

	2018-2019			2017-2018			2016-2017			2015-2016			2014-2015						
	GS	GÖ	GP	GÍ	GS	GÖ	GP	GÍ	GS	GÖ	GP	GÍ	GS	GÖ	GP				
Nemendafjöldi	41	18	32	356	41	18	27	342	43	17	29	331	47	22	31	338	38	14	36
Almennur kennslust.fj.	102	67	102	628	102	67	102	600	102	67	102	624	107	67	102	622	102	67	102
Skiptistundir	16	4	4	90	16	4	4	88	8	4	4	75	8	4	9	82	13	4	9
Stuðningur & sérkennsla	27	6	20	144	28	7	19	147	33	7	19	119	28	7	14	118	26	6	16
<b>Samtals kennslustundir</b>	<b>145</b>	<b>77</b>	<b>126</b>	<b>862</b>	<b>146</b>	<b>78</b>	<b>125</b>	<b>835</b>	<b>143</b>	<b>78</b>	<b>125</b>	<b>818</b>	<b>143</b>	<b>78</b>	<b>125</b>	<b>822</b>	<b>141</b>	<b>77</b>	<b>127</b>

Tafla 9. Nemendafjöldi

Fjöldi barna í grunnskólum Ísafjarðarbæjar haustið 2018 eftir aldri

Samsetning aldurshópa í hverjum skóla fyrir sig má sjá í töflunni hér að neðan.

Börn fædd	Bekkur	GÍ	GS	GÖ	GÞ	Samtals
2012	1.	49	3	0	3	55
2011	2.	49	3	2	5	59
2010	3.	41	3	4	3	51
2009	4.	34	7	4	5	50
2008	5.	43	5	0	4	52
2007	6.	31	2	0	1	34
2006	7.	36	6	0	2	44
2005	8.	35	6	4	3	48
2004	9.	26	3	4	4	37
2003	10.	27	3	0	2	32
<b>Fjöldi nemenda</b>		<b>371</b>	<b>41</b>	<b>18</b>	<b>32</b>	<b>462</b>

Tafla 10. Samsetning aldurshópa

## INNLEIÐING SPJALDTÖLVA

Spjaldtölvuvæðing skóla í Ísafjarðarbæ hófst haustið 2014 og lauk árið 2018. Í því felst að allir nemendur í fimmta til tíunda bekk í grunnskólum Ísafjarðarbæjar fá spjaldtölvu til afnota, en auk þess fá skólar úthlutað spjaldtölvum sem nemendur í yngri bekkjum hafa aðgang að og eru samnýttar með öðrum nemendum. Nú þegar búið er að ná þessu markmiði er komið er að endurnýjun og þarf að endurnýja um það bil einn til tvo árganga á ári. Í fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir endurnýjun á spjaldtölvum, nokkrum borðtölvum og fartölvum.

## LEIKSKÓLAR

Haustið 2019 var pláss fyrir öll börn sem náð höfðu 18 mánaða aldri og gott betur því yngstu börnin sem tekin voru inn á Ísafirði voru 12-13 mánaða. Í töluverðan tíma hafa verið tekin inn 12 mánaða gömul börn í minni leikskólana. Mestu munar um nýja deild, 5 ára deild, sem bættist við leikskólann Sólborg í janúar 2017. Allt bendir til þess að hægt verði áfram að tryggja börnum leikskólapláss þegar þau hafa náð 18 mánaða aldri.

Samningur er við Hjallastefnuna ehf. um rekstur á leikskólanum Eyrarskjóli. Samningurinn gerir ráð fyrir að 80% kostnaðar sé tengdur launabreytingum, samningurinn er vísitölutengdur, Hjallastefnan hefur óskað eftir endurskoðun á einingaverði.

Rekstur stóru skólanna tveggja er ill samanburðarhæfur þar sem öll elstu börnin eru á Sólborg og á báðum leikskólunum eru mjög ung börn, skólaárið er ekki eins og fjárhagsárið og nemendafjöldi því mjög breytilegur. Þá hefur stuðningur vegna nemenda með frávik töluverð áhrif.

Líkt og grunnskólarnir hafa leikskólar verið að innleiða upplýsingatækni í meira mæli inn í skólana og eru nú spjaldtölvur á öllum deildum leikskólanna.

## Gjaldskrá

Gert er ráð fyrir 2,7% hækkun á gjaldskrá leikskóla. Átta tíma vistun með fæði hækkar úr 36.283 kr. í 37.262 kr. án allra niðurgreiðslna.

## Systkinaafsláttur

Í dag er veittur 30% afsláttur af vistgjöldum barns númer tvö og 100% afsláttur af vistgjöldum barns númer þrjú og börnum umfram þann fjölda. Systkinaafsláttur er veittur af vistgjöldum barna sem eru hjá dagforeldri, í leikskóla eða í Dægradvöl.

## Stöðugildatafla leikskóla

Stöðugildi í leikskólum eru nokkuð stöðug.

Skóli	Stuðnings- fulltrúar		Kennarar og stjórnendur		Aðrir starfsmenn	
	2018	2019	2018	2019	2018	2019
Sólborg	2,4	1,07	27	27,19	1,9	1,88
Tjarnarbær	0	0	5	5	0,9	0,94
Grænigarður	0	0	3,3	4,85	0,6	0,63
Laufás	0	0	3,4	2,71	1,7	0,71
<b>Samtals</b>	<b>2,4</b>	<b>1,07</b>	<b>38,7</b>	<b>39,75</b>	<b>5,1</b>	<b>4,16</b>

Tafla 11. Stöðugildi leikskóla.

Fjöldi barna í leikskólum Ísafjarðarbæjar haustið 2018 eftir aldri

Samsetningu aldurshópa í hverjum leikskóla fyrir sig má sjá í töflunni hér að neðan. Einnig má sjá samanburð haustsins 2016 og haustsins 2017. Það eru laus pláss á leikskólum og áður en árið verður liðið verður búið að bjóða öllum börnum fæddum árið 2017 leikskólapláss. Það sem getur þó sett strik í reikninginn er að ekki náist að manna allar stöður skólanna.

Börn fædd	Sólborg	Eyrarskjól	Tjarnarbær	Grænigarður	Laufás	Samtals
2013	24	0	8	3	2	37
2014	15	14	4	4	4	41
2015	21	19	3	4	1	48
2016	11	26	7	6	3	53
2017	18	5	0	2	2	27
<b>Fjöldi nemenda</b>	<b>89</b>	<b>64</b>	<b>22</b>	<b>19</b>	<b>12</b>	<b>206</b>

(nóvember 2018)

Töflur 12, 13 og 14. Fjöldi barna í leikskólum 2018 (að ofan) og 2017 og 2016 (að neðan)

Börn fædd	Sólborg	Eyrarskjól	Tjarnarbær	Grænigarður	Laufás	Samtals
2012	50	0	2	0	2	54
2013	16	9	7	4	2	38
2014	15	13	3	0	6	37
2015	14	20	3	1	0	38
2016	6	21	4	4	1	36
<b>Fjöldi nemenda</b>	<b>101</b>	<b>63</b>	<b>19</b>	<b>9</b>	<b>11</b>	<b>203</b>

Börn fædd	Sólborg	Eyrarskjól	Tjarnarbær	Grænigarður	Laufás	Samtals
2011	24	21	2	2	4	53
2012	18	25	2	0	2	47
2013	16	10	7	3	1	37
2014	15	12	2	0	3	32
2015	5	6	6	5	0	22
<b>Fjöldi nemenda</b>	<b>78</b>	<b>74</b>	<b>19</b>	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>191</b>

Á árinu 2016 voru á Grænagarði 4 börn frá Ísafirði og á Tjarnarbæ voru 3 börn frá Ísafirði.

## DAGFORELDRAR

Ísafjarðarbær greiðir niður vistun barna sem eru hjá dagforeldrum. Miðast greiðslan við hversu margar klukkustundir barnið er í vistun dag hvern. Niðurgreiðslan er hærri til forgangshópa og foreldra barna sem orðin eru 18 mánaða og hafa ekki fengið leikskólapláss í sínu skólahverfi, sú niðurgreiðsla hefst í mánuðinum eftir að barn hefur náð 18 mánaða aldri. Matarkostnaður hjá dagforeldrum er ekki niðurgreiddur. Engir dagforeldrar eru starfandi í Ísafjarðarbæ sem stendur.

	2016	2017	2018	2019
Niðurgreiðsla almenn gjöld að 18 mánaða aldri	4.192	4.293	4.409	4.528
Niðurgreiðsla almenn gjöld frá 18 mánaða aldri	6.870	7.035	7.225	7.420
Niðurgreiðsla forgangshópa að 18 mánaða aldri	5.673	5.809	5.966	6.127
Niðurgreiðsla forgangshópa frá 18 mánaða aldri	6.988	7.156	7.349	4.464

Tafla 15. Niðurgreiðsla vegna dagforeldra

## DÆGRADVÖL

Dægradvöl er til húsa að Austurvegi 9 í því húsnæði sem áður hýsti 5 ára deild og í suðurálmú Grunnskólans á Ísafirði en það er rými sem útbúið var fyrir starfsemina sumarið 2018. Mikil fjölgun hefur orðið í Dægradvöl sem fer nú inn í sitt annað starfsár eftir að starfsemin var lögfest. Nýja rýmið í GÍ er að koma mjög vel út þó það séu bæði kostir og gallar við að vera með starfsemina á tveimur stöðum. Hvert barn í Dægradvöl kostar sveitarfélagið í dag um 200.000 kr. á ári að frádregnum millifærslum.

## TÓNLISTARSKÓLAR

Ísafjarðarbær greiðir launakostnað tveggja tónlistarskóla. Stöðugildum er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani og breytist fjöldi stöðugilda ekki á milli ára. Í áætluninni er gert ráð fyrir aukningu upp á hálf stöðugildi til TÍ sem skýrist af fjölgun nemenda.

Sveiflur eru í framlagi Jöfnunarsjóðs og fer framlagið eftir fjölda söngnemenda á miðstigi eða framhaldstigi og hljóðfæranemenda á framhaldsstigi. Árið 2018 var gert ráð fyrir 17.578.000 kr. í greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna tónlistarkennslu, það sem af er ári eru greiðslurnar orðnar 15.566.080 kr. en óljóst hverjar þær verða þegar upp er staðið. Í áætlun 2019 er gert ráð fyrir 17.692.000 kr. í greiðslur frá Jöfnunarsjóði vegna tónlistarkennslu.

## LÝÐHÁSKÓLI

Í áætlun 2019 er ný deild í málaflokki 04, Lýðháskóli á Flateyri. Um er að ræða styrk vegna skólans upp á 5. m.kr. og niðurgreiðslu á mat til nemenda og starfsfólks samtals rúmlega 10 m.kr.

## STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

### SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er færður kostnaður af stjórnsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar auk ýmiss sameiginlegs kostnaðar sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Hluti sameiginlegs kostnaðar er síðan færður á aðrar deildir með millifærslum ýmist með tilliti til fjölda starfsmanna, fjölda launafærslna, fjölda reikninga eða fjölda bókhaldsfærslna.

#### Bæjarskrifstofur

Á árinu 2018 var gert ráð fyrir 17,11 stöðugildum á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir sama fjölda stöðugilda. Stöðugildi í bókhaldi og persónuvernd lækkar hvort um sig um 0,5 og bætt er við 1 stöðugildi fyrir starfsmann til að sinna tæknimálum og innkaupum fyrir Ísafjarðarbæ. Gert er ráð fyrir að launakostnaður þess starfsmanns verði rúmar 10 m.kr. Heildar hækkun launa og launatengdra gjalda á bæjarskrifstofu eru um 11 m.kr. Aðrar hækkunir í launaáætlun eru vegna kjarasamninga. Gert er ráð fyrir að halda áfram endurnýjun skrifborða, stóla og skjalaskápa. Einnig er gert ráð fyrir að breyta inngangi starfsmanna.

#### UPPLÝSINGAKERFI

Þörf er á að fara endurnýjun á tölvum í öllum stofnunum þar sem skipta þarf út sýndarvélum (zero-clientum) fyrir aðrar tölvur. Áætlaður kostnaður við tölvukaupin er allt að 15 m.kr. og gert er ráð fyrir þeim kostnaði á árinu 2019. Kostnaðurinn við tölvukaup skiptist niður á deildir eftir raun kostnaði, með viðaukum á árinu 2019.

#### STARFSMANNAKOSTNAÐUR

Framlag Ísafjarðarbæjar er áætlað 3,1 m.kr. í árshátíð starfsmanna, um 0,7 m.kr. meira en árið 2018. Þátttaka í árshátíð hefur aukist sem er ánægjuefni. Það hefur kostnaðarauka í för með sér, en vilji er enn fyrir því að halda kostnaði fyrir starfsmenn í lágmarki, makar greiði því sem samsvarar kostnaði við matinn. Gert er ráð fyrir 1,2 m.kr. í jólagjafir og um 3 m.kr. í sameiginlegan starfsdag. Þar sem Ísafjarðarbær er nýlega orðinn heilsueflandi samfélag er jafnframt gert ráð fyrir að um þriðjungur starfsmanna fari í heilsufarsskoðun og um 100 starfsmenn í inflúenssprautu og er heildarkostnaðurinn þar um 1 m.kr.

#### Lífeyrisskuldbindingar

Með nýjum útreikningum um áfallnar lífeyrisskuldbindingar vegna ársins 2018 liggur fyrir að hækkunin verði ekki jafn há og áætlun gerði ráð fyrir. Áætlun fyrir hækkun milli 2018 og 2019 er um 18 m.kr., lífeyrisskuldbindingar síðustu tveggja ára hafa hækkað minna en árin þar á undan.

#### Óvenjulegir liðir

Á deild 27100 er áætlaður veikindapottur upp á 24 m.kr., auk 15 m.kr. í ófyrirséðan kostnað.

#### MENNINGARMÁL

##### Safnahúsið

Endurnýja þarf innanstokksmuni og tölvur í Safnahúsinu sem og að viðhalda innra birgði hússins. Starfsemi Safnahússins er óbreytt.

##### Neðstikaupstaður

Húsaleigutekjur við Tjöruhúsið hækka um 0,7 m.kr. í samræmi við samning sem gerður var 2018.

## Leikhús

Gert er ráð fyrir greiðslum til Kómedíuleikhússins eins og verið hefur, 1,85 m.kr.

## Félagsheimili

Fjögur félagsheimili eru í eigu sveitarfélagsins, í Hnífsdal, Flateyri, Þingeyri og Suðureyri. Rekstur er óbreyttur á milli áætlana en samningur liggur fyrir við Lýðháskólann á Flateyri um afnot af félagsheimilinu á Flateyri og eru tekjur vegna þess áætlaðar 0,6 m.kr.

## Aðrar hátíðir

Áætlun á aðrar hátíðir í bænum er 4,4 m.kr. Meðal þeirra hátíða eru viðburðir í kringum jóla, áramót, páska og 17. júní auk ýmissa viðburða á vegum annarra en Ísafjarðarbæjar sem eru styrktir með fjárframlagi eða vinnuframlagi.

## Ýmsir styrkir

Gert er ráð fyrir að menningarstyrkir verði óbreyttir 1,5 m.kr. Áætlaður er styrkur í Tungumálatöfra og niðurgreiðslu fasteignagjalda til félagasamtaka.

Edinborgarhúsið og Tónlistarskóli Ísafjarðar hafa leitað til Ísafjarðarbæjar vegna mikils rekstrarkostnaðar húsnæðis þeirra og/eða viðhaldsþarfar. Ekki er gert ráð fyrir neinu fé í slík verkefni.

## ATVINNU- OG FERÐAMÁL

### Atvinnumál

Áætlaðar eru 1,7 m.kr. í verkefnapening fyrir atvinnu- og menningarmálanefnd, nefndin hefur m.a. óskað eftir tilboði í gerð atvinnumálastefnu og menningarstefnu og er því um aðkeypta þjónustu að ræða. Einnig er hægt að nota fjárhæðina í úrræði fyrir atvinnulausa, málefni skapandi greina, fundi með fyrirtækjum o.s.frv.

Gert er ráð fyrir 1,3 m.kr. framlagi Blábankans í formi aðkeyptrar þjónustu. Þörf fyrir fjármagn er meiri, eins og fram kom á fundi 1023. með bæjarráði, og vert er að skoða það.

### Framlög til ferðamála og ýmsir styrkir

Gert er ráð fyrir aðkeyptri þjónustu frá Koltru að fjárhæð 0,75 m.kr. og framlags til Markaðsstofu Vestfjarða 4,1 m.kr. í samræmi við ákvörðun fjórðungspings. Gert hefur verið ráð fyrir 2 m.kr. í markaðsverkefni á vegum Vestfjarðarstofu. Auglýsingar vegna ferðamála eru áætlaðar 0,5 m.kr. og styrkir í tengslum við ferðamál 0,1 m.kr.

Gert er ráð fyrir 0,6 m.kr. frumkvöðlastyrkjum og samningi við FabLab að fjárhæð 4,4 m.kr.

### Upplýsingamiðstöð

Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna Upplýsingamiðstöðvar, enda reyndist viðbótar sumarstarfsmaður vel á árinu 2018.

### Tjaldsvæði

Samningur er við rekstraraðila um tjaldsvæði í Tungudal og Flateyri. Tjaldsvæðið á Þingeyri er rekið af íþróttamiðstöð Þingeyrar. Ekkert tjaldsvæði er rekið á Suðureyri. Leiga við Eignasjóð hækkar um tæpar 2 milljónir króna og er nú 5 milljónir króna og er vegna nýs þjónustuhús á Þingeyri sem var fullklárað 2018.



## UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með öllum verklegum framkvæmdum, hreinlætismálum, skipulags- og byggingarmálum, umferðar- og öryggismálum, umhverfismálum, eignasjóði Ísafjarðarbæjar og Fasteignum Ísafjarðarbæjar. Undir umhverfis- og eignasvið heyrir einnig þjónustumiðstöð, vatnsveita, fráveita og Funi sorpeyðingarstöð.

### HREINLÆTISMÁL

#### Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Lögbundið framlag Ísafjarðarbæjar er áætlað 16,7 m.kr. árið 2019. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða starfar fyrir 9 sveitarfélög á Vestfjarðarkjálkanum og er þátttaka sveitarfélaganna hlutfallsleg og miðast við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Tekjur sveitarfélagsins vegna eftirlitsgjalda eru ekki skattstofn heldur þjónustugjald og eru þau áætluð 11,8 m.kr. árið 2019. Þjónustugjöldin eru fyrst dregin frá heildarkostnaði áður en kostnaði er skipt á sveitarfélögin.

#### Sorphirða og sorpeyðing

Nýr samningur um sorphirðu og -förgun var undirritaður á áramótum 2017/18. Gert er ráð fyrir að kostnaður við nýjan samning geti numið um 83 m.kr. árið 2019. Bætt hefur verið við sorphirðu í dreifbýli og einnig er sorpmagn að aukast á milli ára, möguleg skýring er gjaldfrjáls móttaka í Funa. Kostnaður við smáverkfæri og áhöld lækkar um 5 m.kr. þar sem kaupum á ílátum til lífrænnar söfnunar lauk árið 2018.

### SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

#### Tæknideild

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu lækkar milli ára um 1,5 m.kr., árið 2018 var áætlað 2,1 m.kr. í gerð húsnæðisáætlunar sem nú er lokið. Gert er ráð fyrir að stöðugildi við almenn skrifstofustörf verði 100% árið 2019 en stöðugildið var 60% árið 2018, launakostnaður hækkar um 2,2 m.kr.

#### Aðalskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu hækkar um 5 m.kr. á milli ára og er áætlaður 10 m.kr. árið 2019. Hækkunin kemur til vegna kostnaðar við endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Endurgreiðslur úr Skipulagssjóði eru áætlaðar 5 m.kr. eða 50% af kostnaði við endurskoðun aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir að ferlið taki tvö ár, 2019 og 2020, og heildarkostnaður verði um 20 m.kr.

#### Deiliskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu hækkar um 0,8 m.kr. milli ára og er áætlaður 5,7 m.kr. árið 2017. Hækkunin kemur til vegna deiliskipulags - hækkunar á auglýsingakostnaði. Áætlað er að vinna að deiliskipulagi Mjósunds, Tunguskógs, Hesteyrar og Fjarðarstrætis.

#### Byggingarfulltrúi

Gert er ráð fyrir að framkvæmdaleyfisgjöld og stöðuleyfisgjöld lækki milli ára um 2,4 m.kr. Kostnaður við að fjarlægja leyfisskilt lausafé er áætlaður 2,5 m.kr., sá kostnaður bókast á lóðahreinsun en verður að fullu á forræði byggingarfulltrúa. Launakostnaður hækkar um 2,1 m.kr. milli ára.

## UMFERÐAR- OG ÖRYGGISMÁL

### Gatnagerðargjöld

Gert var ráð fyrir 22 m.kr. í tekjur af gatnagerðargjöldum af götum sem byggðar eru upp áður en götur voru eignfærðar, s.s. Sindragötu, árið 2018. Ekki eru fyrirsjáanlegar framkvæmdir árið 2019 og því lækka tekjur um 22,6 m.kr.

### Viðhald gatna

Helstu kostnaðarliðir eru tilfallandi viðhald, 20 m.kr. í áframhaldandi áttak í viðhaldi á gangstéttum í sveitarfélaginu og 7 m.kr. í endurlögn á álagssvæði Aðalstrætis við Silfurtorg. Millifærð innri leiga til eignasjóðs hækkar um 6,5 m.kr. milli ára og skýrist það af auknum eignfærslum í gatnakerfi bæjarins.

### Umferðarmerki

Gert er ráð fyrir að kostnaður við götumerkingu aukist um 1,5 m.kr. milli ára, meira er málað af gangbrautum og öðrum yfirborðsmerkingum ásamt almennri hækkun á verðlagi. Einnig er gert ráð fyrir 0,6 m.kr. í færnanlegt hraðavaraskilti.

### Snjómokstur og hálkueyðing

Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu er nokkuð breytilegur milli ára og er gert ráð fyrir að kostnaður verði 58,8 m.kr. árið 2019.



Graf 6. Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðing 2015 til 2017 ásamt áætlun 2018 og 2019.

### Almenningssamgöngur

Eru samkvæmt samningi við Vestfirskar ævintýraferðir ehf. um almenningssamgöngur í Ísafjarðarbæ. Inni í samningnum er akstur á kvöldin í tengslum við opnun félagsmiðstöðva. Áætlaður kostnaður árið 2019 er 43 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. í að endurnýja eitt biðskýli.

## UMHVERFISMÁL

### Opin svæði

Gert er ráð fyrir að kostnaður við slátt opinna svæða aukist um 1,2 m.kr., kostnaðaraukning á deild er 0 kr. þar sem kostnaður við „frítt í Funa“ í tengslum við Grænu viku fellur út.

### Fjargirðingar

Enn er talsverð þörf á endurbótum á fjargirðingum sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að kostnaður við viðhald á fjargirðingum verði 7,4 m.kr. árið 2019 og hafi þá aukist um 1,5 m.kr. á milli ára. Áhersla verður lögð á girðingar við Suðureyri og á Flateyri.

## EIGNASJÓÐUR


Viðhaldi á eignum eignasjóðs Ísafjarðarbæjar hefur verið of lítið á undanfönum árum. Uppsöfnuð þörf, fyrir meira en tilfallandi viðhald, hefur því myndast. Árið 2017 varð breyting þar á og voru settar 129,2 m.kr. í viðhald á eignum eignasjóðs og áætlun 2018 gerir ráð fyrir 89 m.kr. Áfram er áætlað í tilfallandi viðhald en umfram það er áætlað að fara í brýnustu verkefni sem safnast hafa upp. Árið 2019 er gert ráð fyrir 86,7 m.kr. í viðhald á fasteignum eignasjóðs. Stærstu einstöku verkefni árið 2019 eru; handrið á lóð GÍ, skipta um járn á þaki millibyggingar GÐ, þakskipti á GS, neyðarútgangshurðir ÍF og ÍB, anddyri og skilrúm sundlaug Suðureyrar og utanhúss viðhald á Svarta pakkhúsinu. Einnig er gert ráð fyrir 7 m.kr. í lögfræðikostnað vegna málaferla við OV og HN.

### Viðhald Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar 2019

Verkefni	Skýring	Áætlaður kostn.	Tilfalland i viðhald	Sér verkefni
Skólahúsnæði Ísafirði	Tilfallandi viðhald, handrið á lóð og málning á þaki GÍ .....	16.000	10.000	6.000
Skólahúsnæði Flateyri	Tilfallandi viðhald. ....	1.300	1.300	0
Skólahúsnæði Þingeyri	Tilfallandi viðhald, járn á þak millibyggingar GÐ .....	5.500	500	5.000
Skólahúsnæði Suðureyri	Tilfallandi viðhald, þak GS .....	24.600	4.600	20.000
Íþróttamannvirki Ísafirði	Tilfallandi viðhald, málningarv. inni og úti .....	9.000	2.000	7.000
Íþróttamannvirki Flateyri	Tilfallandi viðhald og neyðarútgangshurð .....	4.000	2.000	2.000
Íþróttamannvirki Þingeyri	Tilfallandi viðhald, neyðarútgangshurð og skorklukka .....	4.800	2.000	2.800
Íþróttamannvirki Suðureyri	Tilfallandi viðhald, anddyri og skilrúm sundlaug Suðureyrar .....	7.000	2.000	5.000
Þjónustubyggingar Ísafirði	Tilfallandi viðhald, mála Turnhús og gafgluggar Faktorshús .....	8.800	1.200	7.600
Þjónustubyggingar innskatt.	Tilfallandi viðhald .....	200	200	0
Þjónustubyggingar Flateyri	Tilfallandi viðhald .....	200	200	0
Þjónustubyggingar Þingeyri	Tilfallandi viðhald .....	400	400	0
Opnir leikvellir	Tilfallandi viðhald .....	400	400	0
Aðrar eignir	Tilfallandi viðhald .....	770	770	0
Friðlýst hús os söfn	Tilfallandi viðhald, Svarta pakkhúsið utanhússviðhald .....	3.430	930	2.500
		<b>86.400</b>	<b>28.500</b>	<b>57.900</b>

Tafla 16. Áætlað viðhald Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar árið 2018

Tekið hefur verið saman yfirlit yfir áætlað viðhald niður á deildir, í töflu 16 má sjá áætluðu viðhaldi skipt niður í tilfallandi viðhald og sérverkefni.



Graf 7. Viðhaldskostnaður eignasjóðs 2015 – 2019

## ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði í viðhald á húsnæði áhaldahússins. Stærsta verkefnið í viðhaldi húsnæðisins er 0,7 m.kr. í innkeyrsluhurð. Stöðugildum fækkar um eitt frá 1. mars 2019.

## VATNSVEITA

Vatnsveita Ísafjarðarbæjar hefur hingað til sent viðskiptavinum sínum reikninga ársfjórðungslega. Árið 2019 er ætlunin að setja upp fjarléstrarmæla og gefa út reikninga mánaðarlega. Kostnaður við uppsetningu nýrra mæla er áætlaður 5 m.kr.

## EYRI


Árið 2018 voru ofáætlaðar leigutekjur uppá 5 m.kr. Kostnaður við viðhald utanhúss hækkar um 6 m.kr. vegna málningar- og múrviðgerða.

## FUNI FASTEIGNIR

Gert er ráð fyrir 5 m.kr. í viðhald á gámum og útisvæði Funa.

## FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Gert er ráð fyrir 32 m.kr. í viðhald á eignum Fastís ehf. sem er um 10 m.kr. aukning frá árinu 2018, munar þar mestu um viðgerðir á framhlið Pollgötu 4, Ísafirði, 6 m.kr., utanhússviðhald á Túngötu, Suðureyri, 3 m.kr. og þakkantur á Drafnargötu 9, Flateyri, 0,6 m.kr. Rekstarafkoma Fastís er áætluð heldur lakari árið 2019 en árið 2018 og munar þar mest um hækkun launa, aukinn kostnað við innheimtu og bókhald og 11 m.kr. hækkun á fjármagnsgjöldum.



Graf 8. Rekstrarframlag til Fastís 2015 - 2019

## SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐARBÆJAR

Gert er ráð fyrir að halda áfram þeirri endurnýjun búnaðar og tækja slökkviliðsins sem ráðist var í á árinu 2018. Þar ber hæst kaup á slökkvibíl fyrir Flateyri sem væntanlegur er í mars 2019. Enn er þörf á frekari endurnýjun slökkvibíla á Suðureyri og Þingeyri en ekki verður ráðist í þær fjárfestingar á árinu 2019, meðal annars vegna þess að fyrir liggur að semja þarf við Vegagerðina um þjónustu og öryggi vegna Dýrafjarðarganga. Sá samningur mun fela í sér að Vegagerðin taki þátt í kostnaði sem af því hlýst í samræmi við auknar öryggiskröfur.

Bráðnauðsynleg endurnýjun á öryggisbúnaði slökkviliðsins var langt komin í lok árs 2018 og ekki útlit fyrir meiriháttar útgjöld af þeim sökum á árinu 2019 umfram það sem nauðsynlegt er.


Hækkun áætlunar launa umfram lögbundna kjarasamninga má rekja til aukinna umsvifa í sjúkraflutningum og öryggisþjónustu. Starfsmönnum fjölga ekki á milli ára.

Slökkviliðið glímur áfram við húsnæðisvanda og útlit fyrir að þörf á bættri aðstöðu er að verða aðkallandi. Ráðgert er að fara í frumathugun og þarfagreiningu á árinu, með það fyrir augum að finna þurfi starfsemi betri húsakost á næstu árum.

## HAFNARSJÓÐUR


### SKEMMTIFERÐASKIP

Gert er ráð fyrir enn frekari fjölgun skemmtiferðaskipa á árinu 2019 og að þau verði um 130 talsins, sem enn mun styrkja afkomu Hafnarsjóðs. Á árinu 2018 komu alls 105 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar af 110 bókuðum skipakomum. Það er mesti fjöldi sem komið hefur til Ísafjarðar.



Graf 9. Komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar 1998 - 2019


### SJÁVARAFLI



Graf 10. Tekjur hafnarsjóðs 2011 - 2019

Talið er að landaður afli ætti að verða nokkuð meiri árið 2019 en 2018 þar sem flutningur þorsk-afplaheimilda milli fiskveiðirá þann 1. september 2018 var verulegur. Einnig hefur bæst nýtt skip í flota Ísafjarðar en nýr Páll Pálsson hóf sjósókn á miðju ári og eru nú tveir togarar Stefnir og Páll sem afla frystihúsi HG hráefni til vinnslu. Sterkt gengi krónunnar varði lengur fram eftir ári sem hefur bein áhrif á inngreiðslu aflagjalda en núna á síðustu mánuðum 2018 hefur gengi Íslensku krónunnar lækkað verulega sem aftur hefur áhrif á hærra fiskverð. Minna hefur verið um landanir aðkomuskipa en gert var ráð fyrir haustið 2018 sem helgast af daufri fiskgengd á miðunum. Þá hefur ótíð fram eftir hausti sett strik í reikninginn. Vonir standa samt sem áður til að tekjur geti orðið jafn háar og gert var ráð fyrir í síðustu fjárhagsáætlun og byggja þær vonir á tölum yfir nokkurra ára tímabil.

Heldur hefur dregið úr útgerð smábáta á öllum starfsstöðum hafnarinnar og er sennilega um að kenna lélegu fiskverði og hækkun auðlindagjalds á lítil og meðalstór fyrirtæki. Einnig hefur kvarnast mjög úr strandveiðafloða bæjarins þar sem fiskverð þótti ekki aðlaðandi í byrjun vertíðar. Fiskverð hefur heldur verið að stíga seinni hluta árs 2018 og mun það hjálpa til við að vega upp á móti lækkuðum tekjum. Áætlun næsta árs tekur mið af þessari þróun og horfum.



Graf 11. Tekjur, gjöld og rekstrarafgangur hafnarsjóðs 2011 - 2019

#### FRAMKVÆMDIR VIÐ HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Áfram er gert ráð fyrir því undirbúa hafnarframkvæmdir sem miða að því að lengja Sundabakka um 300 metra ásamt dýpkun. Góð samvinna hefur verið við Vegagerðina um undirbúning og er verkið komið á samgönguáætlun til næstu fimm ára. Gert er ráð fyrir að taka fyrsta áfanga nýs Sundabakka í notkun á árinu 2021 en það mun enn frekar renna traustari stoðum undir reksturinn. Við fyrstu kynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum á Seatrade Europe í Lisabon í september síðastliðnum, voru undirtektir skipafélaga mjög góðar. Mörg þeirra bíða eftir að geta nýtt aðstöðuna.

Verkefnið stuðpúði/þybba við Mávagarð er að mestu lokið en eftir er að steypa þekju sem er lokahnykkurinn á því verkefni. Það má segja að þann tíma sem Mávagarðsþybban hefur verið í notkun hafi hún sannað sig rækilega og þeir skipstjórar sem hingað koma á olíuskipunum hafa verið mjög ánægðir með alla framkvæmdina.

Fyrirhugað er að fara í seinni hluta endurbyggingar löndunarkants á Suðureyri og að það verk verði boðið út, en það er á samgönguáætlun 2019.

Áætlað er að byggja nýja flotbryggju á Flateyri vegna aðstöðu sjóstangveiðiflota Iceland Pro Fishing en sú litla flotbryggja sem var sett til bráðabirgða fyrir 5 árum er gjörsamlega ónýtt og hefur því miður tjónað báta. Við gerum ráð fyrir að smíða 14 bása bryggju sem einnig mun nýtast öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum á Flateyri.

Stefnt er að því að kaupa lyftara fyrir höfnina til notkunar á Ísafirði en notast hefur verið við lánslyftara undanfarin sumur og er sá lyftari orðinn lélegur. Lyftararnir eru notaðir til þess að eiga við fastsetningartóg skemmtiferðaskipa og léttir það mjög á mannskapnum sem vinnur við móttöku skipanna enda eru fastsetningartóg þeirra mjög fyrirferðamikil og þung í meðförum.

Áætlað er að klára klæðningu gamla-Olíumúla í sumar en allt efni er komið á staðinn svo aðeins er um frágang hjá verktaka að ræða. Hafnarstjórn hefur einnig hug á að fara í endurskoðun á Sundahafnarsvæðinu í heild sinni og freista þess að ná að gera heildstæða framtíðarsýn á því svæði sérstaklega með tilliti til allrar ferðaþjónustu sem er og hefur verið vaxandi á svæðinu. Sótt hefur verið um í framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna þessa verkefnis.

## BYGGÐASAFN VESTFJARÐA


Rekstraraðilar Byggðasafns Vestfjarða eru Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur og skiptist rekstrarhlutdeild þeirra eftir íbúafjölda.

Rekstrarhlutdeild Ísafjarðarbæjar er um 76,7% og er áætlun safnsins nú í fyrsta sinn tekin inn í samstæðu Ísafjarðarbæjar. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag sveitarfélaga hækki um 2,9% á milli ára. Starfsemin er áætluð áfram með hefðbundnu sniði, óbreyttur opnunartími verður í Neðstakaupstað en ljóst er að þörf er á róttækum breytingum rekstarforms Vélsmiðjunnar á Þingeyri.

Starfandi forstöðumaður er þeirrar skoðunar að best sé í ljósi rekstrarstöðunnar að hætta með sumarstarfsmann á Þingeyri. Lagt er til að ráðin verði húsvörður í 20% stöðugildi og gengið verði til samninga við Blábankann, Samband íslenskra myndlistamanna, Höggmyndafélagið og ArtsIceland um að listamönnum verði boðið að vinna í Vélsmiðjunni, gegn því að skuldbinda sig til að vera á staðnum t.d. milli 13-17. Þannig væri ekki tekinn aðgangseyrir af gestum sem koma á eigin vegum, hins vegar kæmi starfsmaður til að taka á móti þeim hópum sem koma og njóta leiðsagnar í smiðjunni, þeir hópar borga sig inn. Húsvörðurinn væri til að sjá um að allt gangi vel fyrir sig og að taka á móti því fólki sem kemur til að vinna í Vélsmiðjunni.

Safnasjóður ætlar að leggja áherslu á samvinnu árið 2019, þannig gæti Þingeyrar-verkefnið fallið mjög vel að áherslum sjóðsins að þessu sinni. Samvinna við þá aðila sem hér eru nefndir er alþjóðleg og sem dæmi um það er SÍM (Samband íslenskra myndlistamanna) í samvinnu við öll sambærileg aðildarfélag sem þekkt eru í dag og eru lögleg.

Gestir safnsins árið 2017 voru 16.000 og árið 2018 voru þeir 14.000, sem eru mikil vonbrigði. Mestu skiptir þar um að 3 skip sem áttu pantað fyrir um rétt tæplega 1.000 gesti hættu við stopp á Ísafirði. Einnig komu færri gestir til Þingeyrar en árið áður. Þar fór fjöldinn úr 500 gestum í 300. Gert er ráð fyrir að á árinu 2019 verði gestir um 15.000 – 16.000, Vesturferðir hafa tjáð safninu að aukning verði á næsta ári þar sem vel hafi gengið að bóka í ferðir fyrir árið 2019. Flestir eru gestir Vesturferða sem koma í skipulögðum ferðum skemmtiferðaskipa.



Áætluð stöðugildi á safninu á árinu 2019 eru þrjú, en voru áætluð 3,5 árið 2018 en voru 4,41 fyrir árið 2017.

Áfram verður áætlað að sækja um alla styrki sem í boði eru en áætlunin gerir ráð fyrir 2,5 m.kr. fjárhæð styrkja sem við teljum nokkuð varlega áætlað. Vel hefur gengið að fá styrki undanfarin 2 ár. Viðhaldspörf á bátasafni er töluverð, en áætlað er að setja að lágmarki 1– 1,5 m.kr. í viðhald. Einnig ætlar safnið að sækja um styrki til að lengja flotbryggjuna á bak við safnið í þeim tilgangi að geta tekið

námshópa á öllum stigum. Þannig væru Jóhanna og Gestur við flotbryggjuna yfir sumartímann. Enn og aftur er þetta í samhengi við áherslur safnasjóðs sem leggur til samvinnu og barnastarf fyrir árið 2019.

Safnið hefur tekið upp alla báta fyrir veturinn 2018-2019, er þetta gert m.a. í sparnaðarskyni þar sem við borgum núna engin legugjöld yfir vetratímann vegna þeirra.

## FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

### VAXTATEKJUR

Hér eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Ísafjarðarbær fær. Stærsti liðurinn eru reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af innri lánum aðalsjóðs sem gera 65,5 m.kr. Við útreikninginn er miðað við 3,4% vexti. Þá er reiknað með að verðbólga verði 3,6% en það er í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í vor.

Varðandi aðrar vaxtatekjur er reiknað með að vanskil viðskiptavina verði sambærileg og fyrri ár og gert er ráð fyrir sambærilegum vaxtatekjum af innistæðum.

### TEKJUR AF EIGNARHLUTUM

Hér er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 16 m.kr.

### VAXTA- OG VERÐBÓTAGJÖLD

Við útreikning vaxta- og verðbótagjalda er reiknað með að verðbólga verði 3,6%.

Gert er ráð fyrir lántöku á árinu upp á 550 m.kr. í formi verðtryggs jafngreiðsluláns Lánasjóðs Sveitarfélaga (LSS 34). Um er að ræða lán til 16 ára á föstum 2,57% vöxtum. Ekki er til staðar uppgreiðsluákvæði en afborgun er tvisvar á ári.



## FJÁRFESTINGAR

Á árinu 2019 er áætlað að fjárfestingar Ísafjarðarbæjar nemi 908 m.kr., áætlaður beinn kostnaður sveitarfélagsins er 574 m.kr., en verkefni sem falla undir ofanflóðavarnir og hafnarmannvirki eru 60% til 90% ríkisstyrkt. Einnig er áætlað að seldar verði íbúðir í Sindragötu 4a fyrir 210 m.kr. Í töflu 17, má sjá lista yfir áætluð verkefni. Áætlað er að veita 41 m.kr. í hafnarmannvirki, 10 m.kr. í ofanflóðavarnir, 380 m.kr. í skóla- og íþróttamannvirki, 10 m.kr. í gatnakerfi, 32 m.kr. í kaup á tækjum, 75 m.kr. í þjónustuhúsnæði og annað húsnæði, 6 m.kr. í uppbyggingarsamninga, 12 m.kr. í hverfisráð og að lokum er áætlaðar 8 m.kr. í önnur og ófyrirséð verkefni.

Verkefni	Skýring	Áætlaður kostn.	Endur- greiðslur	Fjárfesting
Íþróttamannvirki: Torfnæs boltahús	Boltahús/gervigras - hönnun 38m - yleiningarhús .....	220.000		220.000
Hafnarsjóður Sundabakki	Uppbygging og landfylling .....	10.000		10.000
Hafnarsjóður flotbryggja FL	Flotbryggja smábáta FL .....	7.000		7.000
Hafnarsjóður kantur SU	Löndunarkantur á Suðureyri (60%) .....	40.000	-24.000	16.000
Hafnarsjóður lyftari	Lítill lyftari .....	4.000		4.000
Hafnarsjóður Olíumúli	Lokafrágangur .....	4.000		4.000
Leikskólar, Eyrarskjól	Viðbygging Eyrarskjól framhald + lóð 30m .....	120.000		120.000
Leikskólar, Sólborg	Skúr á lóð nýr - br. innanhús, bætt vinnuaðstaða .....	13.000		13.000
Götur: Tungata, Aðalgata ofl Suðureyri	Skipulag tjarnar og aðkoma í bæinn - hönnun .....	10.000		10.000
Íþróttamannvirki: Tunguskógur/skiðasvæði	Hönnun á útivistarsvæði Tunguskógs og skiðvasvæði .	12.000		12.000
Íþróttamannvirki: Uppb.samn.	Uppbyggingarsamningar við íþróttafélög .....	6.000		6.000
Íþróttamannvirki: Torfnæs heildarskipulag	Íþróttahúsið á torfnesi , sundlaug, líkamsrækt ofl .....	10.000		10.000
Íþróttamannvirki: Sundlaug ÞI	Útipottaaðstaða .....	5.000		5.000
Bífreiðar: Skiðasvæði	Bífreið skiðasvæði .....	6.000		6.000
Bífreiðar: Slökkvibíll	Slökkvibíll á Flateyri, mars 2019 .....	26.000		26.000
Húsnæði: Sindragata 4a, leiguíbúðir	Leiguíbúðir stofnframlag, Sindragata 4a .....	250.000	-210.000	40.000
Húsnæði: Bæjarskrifstofa, loftræsting	Loftræstikerfi í stjórnsýsluhúsinu .....	10.000		10.000
Húsnæði: Skrudur þjónustuhús	Þjónustuhús fullbúið .....	20.000	-10.000	10.000
Húsnæði: Þjónustuíbúðir Hlíf	Kaup á 1 íbúð .....	15.000		15.000
Hverfisráð	Framkvæmdafé til hverfisráða IS Ísafjarðarbæjar .....	4.000		4.000
Hverfisráð	Framkvæmdafé til hverfisráða HN Ísafjarðarbæjar .....	2.000		2.000
Hverfisráð	Framkvæmdafé til hverfisráða FL Ísafjarðarbæjar .....	2.000		2.000
Hverfisráð	Framkvæmdafé til hverfisráða SU Ísafjarðarbæjar .....	2.000		2.000
Hverfisráð	Framkvæmdafé til hverfisráða ÞI Ísafjarðarbæjar .....	2.000		2.000
Ofanflóðavarnir	Hnífsdalur v. Hádegissteini / frummat .....	40.000	-36.000	4.000
Ofanflóðavarnir	Kubbi Mótvægisadgerðir .....	30.000	-27.000	3.000
Ofanflóðavarnir	Gleidarhjalli Mótvægisadgerðir .....	30.000	-27.000	3.000
Annað	Ófyrirséð .....	8.000		8.000
		<b>908.000</b>	<b>-334.000</b>	<b>574.000</b>

Tafla 17. Áætlaðar framkvæmdir árið 2019

## FJÁRFESTINGARÁÆTLUN 2019-2022

Samtals fjárfestingar	þ.kr.				Grand
Verkefni fjárfestingaráætlunar	2019	2020	2021	2022	Total
Annað	8.000	9.500	33.500	20.500	71.500
Bifreiðar: Skíðasvæði	6.000				6.000
Bifreiðar: Slökkvibíll	26.000			48.000	74.000
Bifreiðar: Þjónustumiðstöð moksturstæki	0	30.000			30.000
Fráveita	0	40.000	40.000	40.000	120.000
Götur: Eyrarvegur Flateyri			35.000		35.000
Götur: Gatnagerð Suðurtanga		10.000			10.000
Götur: Hafnargata Þingeyri			40.000		40.000
Götur: Ímynd miðbæjar, hellulögn	0		80.000		80.000
Götur: Malbikun í Ísafjarðarbæ		50.000		50.000	100.000
Götur: Tungata, Aðalgata ofl Suðureyri	10.000	35.000	35.000		80.000
Götur: Öldugata Flateyri				35.000	35.000
Hafnarsjóður flotbryggja FL	7.000		0		7.000
Hafnarsjóður kantur SU	16.000				16.000
Hafnarsjóður krani FL		7.000			7.000
Hafnarsjóður lyftari	4.000				4.000
Hafnarsjóður Olíumúli	4.000				4.000
Hafnarsjóður Sundabakki	10.000	122.500	122.500	122.500	377.500
Hafnarsjóður, viktarskúr				18.000	18.000
Húsnæði: Byggðasafn nýbygging	0		100.000	160.000	260.000
Húsnæði: Bæjarskrifstofa, loftræsting	10.000				10.000
Húsnæði: Sindragata 4a, leiguíbúðir	40.000				40.000
Húsnæði: Skrúður þjónustuhús	10.000				10.000
Húsnæði: Slökkviliðsstöð	0	5.000			5.000
Húsnæði: Þjónustuíbúðir Hlíf	15.000	15.000	15.000	15.000	60.000
Hverfisráð	12.000	12.000	12.000	12.000	48.000
Íþróttamannvirki: Klifurveggur				10.000	10.000
Íþróttamannvirki: Sundlaug SU				12.000	12.000
Íþróttamannvirki: Sundlaug ÞÍ	5.000	0			5.000
Íþróttamannvirki: Torfnes boltahús	220.000	220.000	100.000		540.000
Íþróttamannvirki: Torfnes heildarskipulag	10.000				10.000
Íþróttamannvirki: Tunguskógur/skíðasvæði	12.000				12.000
Íþróttamannvirki: Uppb.samn.	6.000	12.000	12.000	12.000	42.000
Leikskólar, Eyrarskjól	120.000	70.000			190.000
Leikskólar, Sólborg	13.000	2.000			15.000
Lóðir og lendur: Byggðasafnið				10.000	10.000
Lóðir og lendur: Hreystivöllur				10.000	10.000
Lóðir og lendur: Tankur ÞÍ			15.000		15.000
Ofanflóðavarnir	10.000	30.000	30.000	30.000	100.000
Opin svæði: Grænagarðsbryggja				45.000	45.000
Opin svæði: Göngustígur Ísafjarðarbær	0	20.000	20.000	20.000	60.000
Vatnsveita: Vestfjarðargöng inntakshús				20.000	20.000
<b>Grand Total</b>	<b>574.000</b>	<b>690.000</b>	<b>690.000</b>	<b>690.000</b>	<b>2.644.000</b>

Tafla 18. Áætlaðar framkvæmdir 2019-2022

## ÁÆTLUN STYRKJA OG FRAMLAGA 2019

Í áætlun 2019 er gert ráð fyrir 253,3 m.kr. í styrki og annað og 21,3 m.kr. í framlög til B-hluta. Aukning á milli ára er því um 42,5 m.kr. og má sjá sundurliðun í töflu 19. Þess má geta að eitthvað af verkefnum eru háð því að fá tekjur á móti, ýmist styrki eða endurgreiðslur frá ríki eða sveitarfélögum. Þar má nefna verkefnið Ísland ljóstengt sem ekki var áætlað sem styrkir á árinu 2018 og skýrir því að mestu aukninguna á milli ára eða 28 m.kr. en þar er áætlað að Fjarskiptasjóður leggi fram 18 m.kr. í verkefnið. Einnig er kostnaði vegna móttöku flóttamanna mætt með framlagi frá velferðarráðuneytinu eins og áður hefur komið fram.

Deild	Nafn	Áætlun 2018	Áætlun 2019
<b>9711 LÖGBUNDIN FRAMLÖG - STYRKIR OG FRAMLÖG SKV. LÖGUM</b>			
02590	Útgj.framl.v. Bjargs	700.000	700.000
02590	Útgj.framl.v. Reykjadal	370.000	370.000
02590	Útgj.framl.v. Tölvumiðst.fatlaðra	130.000	130.000
02740	Orlofssjóður húsmæðra	405.000	420.000
04200	Útgj.framl. V. námsgagnasjóðs	0	650.000
04200	Útgj.framl.v. Endurm.sj.grunnsk.	0	550.000
04520	Umferðarskólinn	146.000	146.000
08110	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	16.741.070	16.741.070
21710	Fjórðungssamband Vestfirðinga	10.200.000	12.826.620
		<b>28.692.070</b>	<b>32.533.690</b>
<b>9911 LANGTÍMAFRAMLÖG - STYRKIR OG FRAMLÖG MEÐ SAMNING 5 ÁR EÐA LENGUR</b>			
04810	Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar	19.170.000	17.500.000
05340	Byggðasafn	20.708.404	21.255.600
05550	Leikhús	1.850.000	1.850.000
11890	Ýmsir styrkir (Náttúrustofa Vestfj)	3.205.000	3.705.001
13800	Styrkir, framlög (Fjórðungss. Vestf.)	3.579.411	6.079.411
		<b>48.512.815</b>	<b>50.390.012</b>
<b>9921 ÖNNUR FRAMLÖG - STYRKIR OG FRAMLÖG 2-5 ÁR</b>			
02890	Ýmsir styrkir, Vesturafn	6.921.460	7.294.927
02890	Ýmsir styrkir	600.000	0
02890	Ýmsir styrkir, Stígamót	677.501	700.000
02890	Ýmsir styrkir, Fjölsmiðja	1.745.520	1.661.843
04510	Tónlistarskóli Ísafjarðar, samn. fgj.	1.700.000	1.905.000
04530	Lýðháskólinn á Flateyri	0	5.000.000
05890	Ýmsir styrkir (Fjórðungss. Vestf.)	5.811.057	5.811.057
05890	Ýmsir styrkir v. fasteignagj. Verkal.f.Vest	600.000	600.000
06650	Skíðasvæði	886.000	886.000
06820	HSV, samstarfssamningur	23.500.000	24.300.000
06820	HSV, verkefnasamningur	7.650.000	8.000.000
06890	Æskulýðs- og íþróttamál, aðrir styrkir	657.718	602.835
06890	Aðrir styrkir, samn. fast.gj. Foreldraf. Skíðab.	414.385	442.550
06890	Aðrir styrkir, samn. fast.gj. Hollvinaf. Skíðh.	215.882	232.242
06890	Aðrir styrkir, samn. fast.gj. Flugáhugam.	132.015	142.373
07410	Almannav. v. samn fast.gj. Björgunarsveitir	1.815.000	1.815.000
13030	Úrræði í atvinnumálum	500.000	0
13090	Atvinnumál, almenn	100.000	100.000
13890	Ýmsir styrkir (frumkvöðlastyrkir)	600.000	600.000
13890	Ýmsir styrkir (Fablab)	4.400.000	4.000.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög v. fast.gj. félagasamt.	400.001	400.001
21810	Ýmsir styrkir og framlög (stjórn málaflokkar)	800.000	800.000
		<b>60.126.539</b>	<b>65.293.828</b>

Deild	Nafn	Áætlun 2018	Áætlun 2019
<b>9951 STYRKIR NEFNDA - STYRKIR OG FRAMLÖG</b>			
02890	Velferðarsvið, ýmsir styrkir	248.309	300.000
05540	Bæjarlistamaður	250.000	250.000
05720	Aðrar hátíðir	1.025.000	1.480.000
05890	Ýmsir styrkir, menningarstyrkir	1.500.000	1.500.000
05890	Ýmsir styrkir, tungumálatöfrar	500.000	600.000
05890	Ýmsir styrkir v. fast.gj.	900.000	1.000.000
06820	Héraðssamband Vestfirðinga íbúðir	9.600.000	8.400.000
06890	Aðrir styrkir v. fast.gj.	390.000	390.000
06890	Aðrir styrkir, íþróttamaður ársins	200.000	200.000
11890	Ýmsir styrkir, Fjórðungss.Vestfj.	1.282.001	2.382.001
13800	Styrkir, framlög til ferðamála	100.047	100.047
21030	Ýmsar nefndir, Hverfisráð	600.000	600.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög v. fast.gj.	500.000	500.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög, Ísland ljóst.	0	28.000.000
		<b>17.095.357</b>	<b>45.702.048</b>
<b>9952 Styrktarlínur</b>			
21810	Ýmsir styrkir og framlög	250.000	250.000
05890	Ýmsir styrkir	100.001	100.000
		<b>350.001</b>	<b>350.000</b>
<b>Annað</b>			
02110	Fjárhagsaðstoð	19.357.704	18.602.831
02120	Móttaka flóttamanna	21.677.000	11.000.000
02180	Húsaleigubætur	4.000.000	4.400.000
02190	Fasteignagjöld aldraðra og öryrkja	9.100.000	12.661.036
02310	Barnavernd	14.685.232	23.443.275
02510	Mál.fatlaðra, sameiginlegt	2.016.000	4.336.800
02610	Áfengis- og vímuefnavarnir	1.043.000	743.000
04100	Leikskólar, sameiginlegt	5.373.000	5.100.000
		<b>77.251.936</b>	<b>80.286.942</b>
<b>Styrkir samtals skv. sundurliðun</b>		<b>232.028.718</b>	<b>274.556.520</b>

Tafla 19. Áætlaðir styrkir og annað 2019

## Rekstrarreikningur- Fjárhagsáætlun 2019

	Samstæðan	A-hluti	B-hluti	Aðalsjóður	Eignasjóður	Þjónustu- miðstöð	Hafnarsjóður	Vatnsveita	Þjónustu- íbúðir	Hjúkrunar- heimilið Eyri	Fasteignir Ísafjarðar- bæjar ehf	Fráveita	Funi	Byggðasafn Vestfjarða
<b>Rekstrartekjur</b>														
- Útsvar	(2.293.204)	(2.293.204)	0	(2.293.204)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
- Framlög jöfnunarsjóður	(936.815)	(936.815)	0	(936.815)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
- Fasteignaskattar	(402.505)	(402.505)	0	(402.505)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
- Sölutekjur	(129.599)	(92.805)	(36.794)	(91.167)	0	(1.638)	(20.963)	(14.751)	0	0	0	0	0	(1.080)
- Þjónustutekjur	(715.766)	(201.950)	(513.816)	(201.950)	0	0	(328.877)	(80.451)	0	0	0	(91.053)	0	(13.435)
- Leyfisgjöld	(10.560)	(10.560)	0	(10.560)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
- Aðrar tekjur	(900.627)	(628.600)	(272.026)	(628.430)	(170)	0	(14.522)	0	(40.427)	(65.849)	(140.950)	0	0	(10.277)
- <i>Millifærslutekjur</i>	(1.195.773)	(1.117.646)	(78.127)	(335.008)	(689.817)	(92.821)	0	(3.745)	(29.946)	(11.974)	0	0	(11.205)	(21.256)
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>(6.584.848)</b>	<b>(5.684.085)</b>	<b>(900.763)</b>	<b>(4.899.639)</b>	<b>(689.987)</b>	<b>(94.459)</b>	<b>(364.362)</b>	<b>(98.947)</b>	<b>(70.374)</b>	<b>(77.824)</b>	<b>(140.950)</b>	<b>(91.053)</b>	<b>(11.205)</b>	<b>(46.048)</b>
<b>Rekstrargjöld</b>														
- Laun og launatengd gjöld	2.689.469	2.522.196	167.273	2.411.225	14.968	96.003	115.906	0	16.150	0	12.127	0	0	23.090
- Breyting lífeyrisskuldbindingar	104.807	104.807	0	104.807	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
- Vörukaup	187.715	183.695	4.020	180.830	132	2.733	2.115	0	528	0	172	0	0	1.205
- Þjónustukaup	623.058	581.945	41.113	561.159	18.454	2.332	14.939	1.285	2.626	1.794	6.324	7.307	275	6.564
- Orkukostnaður	140.357	101.912	38.445	92.542	2.602	6.768	23.475	2.289	1.545	0	9.301	437	0	1.398
- Viðhaldskostnaður	307.346	179.923	127.423	83.106	86.561	10.256	34.296	18.020	13.549	8.600	32.521	13.077	6.000	1.360
- Upplýsingakerfi	55.526	54.856	670	54.820	0	36	356	0	114	0	0	0	0	200
- Önnur rekstrargjöld	252.716	219.391	33.326	217.302	355	1.734	7.690	268	19.101	0	4.297	301	0	1.669
- Styrkir og annað	253.301	253.301	0	253.301	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
- Skattar og gjöld	91.216	54.835	36.381	7.670	45.293	1.871	1.875	222	7.946	5.576	19.037	116	1.403	206
- Afskriftir	248.977	144.804	104.173	0	138.300	6.505	24.215	11.595	2.277	32.859	23.184	7.399	2.339	304
- <i>Millifærslugjöld</i>	1.204.737	1.107.201	97.537	1.084.111	8.646	14.444	14.935	23.963	16.508	1.254	7.680	25.563	314	7.319
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>6.159.226</b>	<b>5.508.866</b>	<b>650.360</b>	<b>5.050.873</b>	<b>315.311</b>	<b>142.682</b>	<b>239.802</b>	<b>57.642</b>	<b>80.343</b>	<b>50.083</b>	<b>114.643</b>	<b>54.200</b>	<b>10.331</b>	<b>43.316</b>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagns</b>	<b>(425.622)</b>	<b>(175.219)</b>	<b>(250.402)</b>	<b>151.233</b>	<b>(374.676)</b>	<b>48.223</b>	<b>(124.560)</b>	<b>(41.305)</b>	<b>9.969</b>	<b>(27.741)</b>	<b>(26.307)</b>	<b>(36.853)</b>	<b>(874)</b>	<b>(2.732)</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	335.622	171.390	164.232	(91.202)	262.592	0	10.029	(264)	1.704	85.973	65.269	1.410	338	(226)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(90.000)</b>	<b>(3.829)</b>	<b>(86.171)</b>	<b>60.031</b>	<b>(112.084)</b>	<b>48.223</b>	<b>(114.531)</b>	<b>(41.569)</b>	<b>11.674</b>	<b>58.232</b>	<b>38.962</b>	<b>(35.443)</b>	<b>(536)</b>	<b>(2.959)</b>

## Efnahagsreikningur - Fjárhagsáætlun 2019

	Samstæðan	A-hluti	B-hluti	Aðalsjóður	Eignasjóður	Þjónustu- miðstöð	Hafnarsjóður	Vatnsveita	Þjónustu- íbúðir	Hjúkrunar- heimilið Eyri	Rasteignir Ísafjarðar- bæjar ehf	Fráveita	Funi	Byggðasafn Vestfjarða
Fasteignir	5.450.086	3.604.031	1.846.055	77.970	3.521.358	4.702	5.027	0	60.666	1.182.785	564.593	0	5.285	27.697
Veitukerfi, hafnarmannvirki	1.992.169	883.966	1.108.203	0	883.966	0	629.590	270.006	0	0	5.460	203.147	0	0
Vélar, áhold og tæki	263.613	232.227	31.386	0	195.947	36.281	26.716	0	443	0	0	0	2.280	1.947
<i>þar af framkvæmdir ársins</i>	574.000	518.000	56.000	0	518.000	0	41.000	0	15.000	0	0	0	0	0
<b>Varanlegir rekstrarfjárm. alls</b>	<b>7.705.868</b>	<b>4.720.225</b>	<b>2.985.644</b>	<b>77.970</b>	<b>4.601.271</b>	<b>40.983</b>	<b>661.333</b>	<b>270.006</b>	<b>61.109</b>	<b>1.182.785</b>	<b>570.053</b>	<b>203.147</b>	<b>7.565</b>	<b>29.644</b>
Eignarhluti í félögum	456.636	584.207	0	584.207	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	422.511	422.511	0	422.511	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirt.	0	31.952	0	910.054	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímakrafna	(123.259)	(123.259)	0	(123.259)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Áhættufjárm. og langt.kr. alls</b>	<b>755.888</b>	<b>915.411</b>	<b>0</b>	<b>1.793.514</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fastafjármunir alls</b>	<b>8.461.756</b>	<b>5.635.636</b>	<b>2.985.644</b>	<b>1.871.484</b>	<b>4.601.271</b>	<b>40.983</b>	<b>661.333</b>	<b>270.006</b>	<b>61.109</b>	<b>1.182.785</b>	<b>570.053</b>	<b>203.147</b>	<b>7.565</b>	<b>29.644</b>
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfu	358.122	309.419	48.703	309.419	0	0	32.520	7.713	1.015	0	3.791	0	0	3.664
Næstaárs afborgun langtímakr.	123.259	123.259	0	123.259	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur á eigin fyrirt.	0	228.476	569.822	826.784	0	0	184.485	363.902	0	0	559	20.875	0	0
Aðrar skammtímakröfur	31.780	30.954	826	30.954	0	0	0	0	0	0	694	0	0	132
<b>Skammtímakröfur alls</b>	<b>513.161</b>	<b>692.107</b>	<b>619.351</b>	<b>1.290.415</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>217.005</b>	<b>371.615</b>	<b>1.015</b>	<b>0</b>	<b>5.045</b>	<b>20.875</b>	<b>0</b>	<b>3.797</b>
Handbært fé	199.946	159.808	40.138	159.808	0	0	0	0	0	0	17.804	0	0	22.334
<b>Veltufjármunir alls</b>	<b>713.108</b>	<b>851.916</b>	<b>659.489</b>	<b>1.450.224</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>217.005</b>	<b>371.615</b>	<b>1.015</b>	<b>0</b>	<b>22.849</b>	<b>20.875</b>	<b>0</b>	<b>26.130</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>9.174.864</b>	<b>6.487.551</b>	<b>3.645.133</b>	<b>3.321.708</b>	<b>4.601.271</b>	<b>40.983</b>	<b>878.338</b>	<b>641.621</b>	<b>62.124</b>	<b>1.182.785</b>	<b>592.903</b>	<b>224.022</b>	<b>7.565</b>	<b>55.774</b>
Eigið fé	(1.184.806)	(704.899)	(607.478)	(609.922)	(270.560)	175.583	(640.894)	(600.052)	22.454	91.932	639.422	(174.342)	41.639	12.362
Rekstrarniðurstaða ársins	(90.000)	(3.829)	(86.171)	60.031	(112.084)	48.223	(114.531)	(41.569)	11.674	58.232	38.962	(35.443)	(536)	(2.959)
<b>Eigið fé alls</b>	<b>(1.274.806)</b>	<b>(708.728)</b>	<b>(693.649)</b>	<b>(549.891)</b>	<b>(382.644)</b>	<b>223.806</b>	<b>(755.425)</b>	<b>(641.621)</b>	<b>34.128</b>	<b>150.164</b>	<b>678.384</b>	<b>(209.785)</b>	<b>41.103</b>	<b>9.403</b>
Lífeyrisskuldbindingar	(1.721.473)	(1.721.473)	0	(1.721.473)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar	(26.800)	(26.800)	0	0	(26.800)	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Skuldbindingar alls</b>	<b>(1.748.273)</b>	<b>(1.748.273)</b>	<b>0</b>	<b>(1.721.473)</b>	<b>(26.800)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Skuldir við lánastofnanir	(5.614.493)	(2.955.106)	(2.659.387)	0	(2.955.106)	0	(114.024)	0	0	(1.283.364)	(1.261.875)	0	(125)	0
Næsta árs afb. langtímalána	506.747	383.295	123.451	0	383.295	0	28.279	0	15.529	27.148	38.967	13.530	0	0
Skuldir á eigin fyrirtæki	0	0	(31.952)	0	(878.103)	0	0	0	(17.714)	0	0	(14.237)	0	0
<b>Langtímaskuldir alls</b>	<b>(5.107.747)</b>	<b>(2.571.811)</b>	<b>(2.567.887)</b>	<b>0</b>	<b>(3.449.914)</b>	<b>0</b>	<b>(85.745)</b>	<b>0</b>	<b>(2.186)</b>	<b>(1.256.216)</b>	<b>(1.222.908)</b>	<b>(708)</b>	<b>(125)</b>	<b>0</b>
Viðskiptaskuldir	(401.970)	(397.552)	(4.419)	(397.552)	0	0	0	0	0	0	(4.419)	0	0	0
Næsta árs afb. langtímalána	(506.747)	(383.295)	(123.451)	0	(383.295)	0	(28.279)	0	(15.529)	(27.148)	(38.967)	(13.530)	0	0
Skuldir á eigin fyrirtæki	0	(569.822)	(228.476)	(569.822)	(333.519)	(264.789)	0	0	(78.537)	(45.917)	0	0	(48.405)	(55.616)
Aðrar skammtímaskuldir	(135.321)	(108.070)	(27.252)	(82.971)	(25.099)	0	(8.890)	0	0	(3.669)	(4.993)	0	(138)	(9.562)
<b>Skammtímaskuldir alls</b>	<b>(1.044.038)</b>	<b>(1.458.739)</b>	<b>(383.597)</b>	<b>(1.050.344)</b>	<b>(741.913)</b>	<b>(264.789)</b>	<b>(37.168)</b>	<b>0</b>	<b>(94.066)</b>	<b>(76.734)</b>	<b>(48.378)</b>	<b>(13.530)</b>	<b>(48.543)</b>	<b>(65.178)</b>
<b>Skuldir og skuldb. samtals</b>	<b>(7.900.058)</b>	<b>(5.778.823)</b>	<b>(2.951.484)</b>	<b>(2.771.817)</b>	<b>(4.218.627)</b>	<b>(264.789)</b>	<b>(122.914)</b>	<b>0</b>	<b>(96.251)</b>	<b>(1.332.949)</b>	<b>(1.271.287)</b>	<b>(14.237)</b>	<b>(48.668)</b>	<b>(65.178)</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>(9.174.864)</b>	<b>(6.487.551)</b>	<b>(3.645.133)</b>	<b>(3.321.708)</b>	<b>(4.601.271)</b>	<b>(40.983)</b>	<b>(878.338)</b>	<b>(641.621)</b>	<b>(62.124)</b>	<b>(1.182.785)</b>	<b>(592.903)</b>	<b>(224.022)</b>	<b>(7.565)</b>	<b>(55.774)</b>

Skuldahlutfall	146,59%	126,55%	358,78%	64 gr. laga nr. 138 / 2011 - 150%
----------------	---------	---------	---------	-----------------------------------

Skuldav.m a.t.t.t. Lífeyrisskuldbindinga (15ár)	133,99%
Skuldav.m a.t.t.t. Hjúkrunarh, Brú, veltuf.m	99,36%

## Sjósstreymi - Fjárhagsáætlun 2019

	Samstæðan	A-hluti	B-hluti	Aðalsjóður	Eignasjóður	Þjónustu- miðstöð	Hafnar- sjóður	Vatnsveita	Þjónustu- íbúðir	Hjúkrunar- heimilið Eyri	Fasteignir Ísafjarðar- bæjar ehf	Fráveita	Funi	Byggðasafn Vestfjarða
<b>Rekstrarhreyfinar</b>														
Niðurstöður ársins	90.000	3.829	86.171	(60.031)	112.084	(48.223)	114.531	41.569	(11.674)	(58.232)	(38.962)	35.443	536	2.959
<b>Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</b>														
Reiknaðar afskriftir	248.977	144.804	104.173	0	138.300	6.505	24.215	11.595	2.277	32.859	23.184	7.399	2.339	304
Verðbætur og gengismunur	232.386	137.109	95.276	0	137.109	0	4.311	0	857	44.878	44.398	708	125	0
Verðb. og gengism. langt. krafna	(33.686)	(33.686)	0	(33.686)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Breyting lífeyrisskuldbindinga	104.807	104.807	0	104.807	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>642.485</b>	<b>356.865</b>	<b>285.620</b>	<b>11.091</b>	<b>387.493</b>	<b>(41.719)</b>	<b>143.058</b>	<b>53.164</b>	<b>(8.540)</b>	<b>19.505</b>	<b>28.621</b>	<b>43.549</b>	<b>3.000</b>	<b>3.263</b>
<b>Breytingar á skammtíaliðum</b>														
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	(86.700)	(86.700)	0	(86.700)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, (lækkun)	(29.852)	(29.852)	0	(29.852)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Breytingar alls</b>	<b>(116.552)</b>	<b>(116.552)</b>	<b>0</b>	<b>(116.552)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>	<b>525.933</b>	<b>240.313</b>	<b>285.620</b>	<b>(105.461)</b>	<b>387.493</b>	<b>(41.719)</b>	<b>143.058</b>	<b>53.164</b>	<b>(8.540)</b>	<b>19.505</b>	<b>28.621</b>	<b>43.549</b>	<b>3.000</b>	<b>3.263</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>														
Fjárf. í varanl. rekstrarfjármunum	(574.000)	(518.000)	(56.000)	0	(518.000)	0	(41.000)	0	(15.000)	0	0	0	0	0
Afborganir langtímakrafna	563	28.421	0	118.933	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Fjárfestingahreyfingar alls</b>	<b>(573.437)</b>	<b>(489.579)</b>	<b>(56.000)</b>	<b>118.933</b>	<b>(518.000)</b>	<b>0</b>	<b>(41.000)</b>	<b>0</b>	<b>(15.000)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>														
Tekin ný langtímalán	550.000	550.000	0	0	550.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Afborganir langtímalána	(383.467)	(285.873)	(125.452)	0	(376.385)	0	(27.564)	0	(14.780)	(26.606)	(38.265)	(13.078)	(5.160)	0
Eigin fyrirtæki, breyting	0	104.168	(104.168)	105.557	(43.108)	41.719	(74.494)	(53.164)	38.320	7.100	9.644	(30.471)	2.160	(3.263)
<b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>	<b>166.533</b>	<b>368.295</b>	<b>(229.620)</b>	<b>105.557</b>	<b>130.507</b>	<b>41.719</b>	<b>(102.058)</b>	<b>(53.164)</b>	<b>23.540</b>	<b>(19.505)</b>	<b>(28.621)</b>	<b>(43.549)</b>	<b>(3.000)</b>	<b>(3.263)</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>														
Handbært fé í ársbyrjun	80.917	40.779	40.138	40.779	0	0	0	0	0	0	17.804	0	0	22.334
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>199.946</b>	<b>159.808</b>	<b>40.138</b>	<b>159.808</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>17.804</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>22.334</b>

Rekstraryfirlit málaflokka  
 Fjárhagsáætlun 2019

	Skatttekjur	Framlög Jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launat.gj.	Önnur rekstrar- gjöld	Afskriftir	Gjöld samtals	Fjármagns- liðir nettó	Rekstrar niðurstaða áætlun 2019	niðurstaða áætlun 2018_MV	Mism.
<b>Aðalsjóður</b>												
00 - Skatttekjur	(2.695.709)	(936.815)	0	<b>(3.632.524)</b>	0	0	0	<b>0</b>	0	(3.632.524)	(3.280.243)	(352.281)
02 - Félagsþjónusta	0	0	(584.815)	<b>(584.815)</b>	554.553	363.037	0	<b>917.591</b>	0	332.776	258.167	74.609
04 - Fræðslumál	0	0	(130.473)	<b>(130.473)</b>	1.172.029	702.964	0	<b>1.874.993</b>	0	1.744.519	1.622.330	122.189
05 - Menningarmál	0	0	(19.745)	<b>(19.745)</b>	73.985	116.416	0	<b>190.402</b>	0	170.657	184.080	(13.424)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	0	0	(161.011)	<b>(161.011)</b>	194.353	463.222	0	<b>657.575</b>	0	496.564	466.774	29.790
07 - Brunamál og almannavarnir	0	0	(50.845)	<b>(50.845)</b>	93.120	62.290	0	<b>155.410</b>	0	104.565	94.583	9.982
08 - Hreinlætismál	0	0	(105.119)	<b>(105.119)</b>	0	113.107	0	<b>113.107</b>	0	7.988	21.826	(13.838)
09 - Skipulags- og byggingarmál	0	0	(30.726)	<b>(30.726)</b>	42.838	55.432	0	<b>98.269</b>	0	67.544	53.560	13.984
10 - Umferðar- og öryggismál	0	0	(6.697)	<b>(6.697)</b>	0	257.050	0	<b>257.050</b>	0	250.354	217.375	32.978
11 - Umhverfismál	0	0	(6.333)	<b>(6.333)</b>	15.599	63.021	0	<b>78.620</b>	0	72.287	62.988	9.299
13 - Atvinnumál	0	0	(10.718)	<b>(10.718)</b>	18.329	48.116	0	<b>66.445</b>	0	55.728	46.838	8.889
20 - Framlög	0	0	0	<b>0</b>	0	21.256	0	<b>21.256</b>	0	21.256	0	21.256
21 - Sameiginlegur kostnaður	0	0	(160.633)	<b>(160.633)</b>	219.998	241.375	0	<b>461.372</b>	0	300.739	293.603	7.136
22 - Breyting lífeyrisskuldbinding	0	0	0	<b>0</b>	104.807	0	0	<b>104.807</b>	0	104.807	163.375	(58.568)
27 - Óvenjulegir liðir	0	0	0	<b>0</b>	26.422	15.000	0	<b>41.422</b>	0	41.422	31.621	9.801
28 - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0	0	0	<b>0</b>	0	12.553	0	<b>12.553</b>	(91.202)	(78.649)	(79.246)	597
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>(2.695.709)</b>	<b>(936.815)</b>	<b>(1.267.115)</b>	<b>(4.899.639)</b>	<b>2.516.033</b>	<b>2.534.840</b>	<b>0</b>	<b>5.050.873</b>	<b>(91.202)</b>	<b>60.031</b>	<b>157.630</b>	<b>(97.599)</b>
<b>Aðrir sjóðir A-hluta</b>												
31 - Eignasjóður, rekstur	0	0	(689.987)	<b>(689.987)</b>	14.968	162.043	138.300	<b>315.311</b>	262.592	(112.084)	(176.619)	64.535
33 - Þjónustumiðstöð, rekstur	0	0	(94.459)	<b>(94.459)</b>	96.003	40.175	6.505	<b>142.682</b>	0	48.223	39.949	8.274
Millifærslur A-hluta	0	0	1.117.646	<b>1.117.646</b>	0	(1.117.646)	0	<b>(1.117.646)</b>	0	0	0	0
<b>A-hluti samtals</b>	<b>(2.695.709)</b>	<b>(936.815)</b>	<b>(933.915)</b>	<b>(4.566.439)</b>	<b>2.627.004</b>	<b>1.619.412</b>	<b>144.804</b>	<b>4.391.220</b>	<b>171.390</b>	<b>(3.829)</b>	<b>20.960</b>	<b>(24.790)</b>
<b>Sjóðir B-hluta</b>												
41 - Hafnarsjóður, rekstur	0	0	(364.362)	<b>(364.362)</b>	115.906	99.681	24.215	<b>239.802</b>	10.029	(114.531)	(105.586)	(8.945)
43 - Vatnsveita, rekstur	0	0	(98.947)	<b>(98.947)</b>	0	46.047	11.595	<b>57.642</b>	(264)	(41.569)	(33.948)	(7.621)
53 - Þjónustuíbúðir, rekstur	0	0	(70.374)	<b>(70.374)</b>	16.150	61.916	2.277	<b>80.343</b>	1.704	11.674	22.454	(10.780)
55 - Eyri hjúkrunarheimili, rekstur	0	0	(77.824)	<b>(77.824)</b>	0	17.224	32.859	<b>50.083</b>	85.973	58.232	41.238	16.994
57 - Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.	0	0	(140.950)	<b>(140.950)</b>	12.127	79.332	23.184	<b>114.643</b>	65.269	38.962	6.813	32.149
61 - Fráveita, rekstur	0	0	(91.053)	<b>(91.053)</b>	0	46.801	7.399	<b>54.200</b>	1.410	(35.443)	658	(36.101)
63 - Funi, rekstur	0	0	(11.205)	<b>(11.205)</b>	0	7.992	2.339	<b>10.331</b>	338	(536)	21.111	(21.647)
68 - Byggðasafn Vestfjarða, rekstur	0	0	(46.048)	<b>(46.048)</b>	23.090	19.922	304	<b>43.316</b>	(226)	(2.959)	(5.316)	2.358
Millifærslur B-hluta	0	0	78.127	<b>78.127</b>	0	(78.127)	0	<b>(78.127)</b>	0	0	0	0
<b>B-hluti samtals</b>			<b>(822.636)</b>	<b>(822.636)</b>	<b>167.273</b>	<b>300.787</b>	<b>104.173</b>	<b>572.233</b>	<b>164.232</b>	<b>(86.171)</b>	<b>(52.577)</b>	<b>(33.594)</b>
<b>A- og B-hluti samtals</b>	<b>(2.695.709)</b>	<b>(936.815)</b>	<b>(1.756.551)</b>	<b>(5.389.075)</b>	<b>2.794.276</b>	<b>1.920.199</b>	<b>248.977</b>	<b>4.963.453</b>	<b>335.622</b>	<b>(90.000)</b>	<b>(31.616)</b>	<b>(58.384)</b>





Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafirði

